

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Samantekt úrskurða 2003

Mál nr. 1/2003**M
og
V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss við fiskvinnslu 18.11.2000.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.01.2003
2. Skjalaskrá Lögreglunnar í Keflavík vegna rannsóknar vinnuslyssins, skjöl 1.-7.
3. Bréf V dags 27.11.2002 til lögmanns málskotsaðila.
4. Tilkynning vinnuveitanda málskotsaðila til Tryggingastofnunar ríkisins dags. 16.11.01.
5. Tilkynning málskotsaðila til Tryggingastofnunar ríkisins dags. 26.09.2002.
6. Bréf lögmanns málskotsaðila til Tryggingamiðstöðvarinnar dags. 09.10.2002.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila til Tryggingamiðstöðvarinnar dags. 05.11.2002.
8. Bréf V til lögmanns málskotsaðila dags. 10.10.2002.
9. Bréf V til Tjónanefndar dags. 14.11.2002.
10. Matsgerð tveggja lækna um afleiðingar slyssins dags. 11.12.2002.
11. Skattframtöl áranna 1997-2001.
12. Upplýsingar frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja um námsferil málskotsaðila.
13. Bréf V til Úrskurðarnefndar dags. 13.01.2003.
14. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 1052/2002.

Málsatvik.

Málskotsaðili(M) var við vinnu í frystihúsi síðdegis 28.11.2000 og varð þá fyrir því að svokallað úrsláttartæki eða blokkarprensa féll á hann með þeim afleiðingum að hann slasaðist á öxl. M hafði unnið við að bera fiskpönnur inn í frystiklefa. M hafði sett 3-4 fiskpönnur á borð sem var áfast úrsláttartækinu, en við það valt úrsláttartækið með framangreindum afleiðingum. Hið áfasta borð var ekki til þess gert að bera mikinn þunga, en hver fiskpanna var sögð vega um 20 kg.. M segist hafa áður hafa sett fiskpönnur á borðið og hafa séð starfsfélaga gera slíkt hið sama. Verkstjóri og starfsmaður frystihússins hafna því alfarið að þau vinnubrögð hafi verið viðhöfð að hlaða fiskpönnum á umrætt borð, en verið geti að það hafi komið fyrir að ein panna hafi verið sett á borðið. Slysíð var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en með tilkynningu dags. 27.06.2001 og segir verkstjóri skýringu þess vera þá að hann hafi ekki fengið vitneskju um slysið fyrr en um síðir. M segir verkstjóra hafa strax fengið vitneskju um slysið. Upplýst er að M hélt áfram vinnu eftir slysið og vann hjá fyrirtækinu í um mánaðartíma eftir slysið og alvarlegar afleiðingar slyssins komu ekki í ljós fyrr en vorið 2001 eftir að M hafði verið í vinnu hjá öðru fyrirtæki um nokkurra mánaða skeið. Ekki þykir ástæða til að rekja málavexti frekar.

Álit.

Slysið var rannsakað af hálfu lögreglu og þykja málsatvik nægilega upplýst og skiptir því ekki máli að slysið var ekki strax tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. Gegn neitun starfsmanna fyrirtækisins telst ósannað að það hafi verið viðhöfð þau vinnubrögð að stafla fiskpönnum á umrætt borð. Ljóst er að það var háskalegt að stafla fiskpönnum á borðið, en bersýnilegt var að það var til þess fallið að úrsláttartækið ylti um koll. Enga nauðsyn bar til þess að setja fiskpönnur á borðið og ekki verður talið að rekja megi slysið til skorts á leiðbeiningum eða

verkstjórn, en verkið krafðist ekki sérstakrar verkstjórnar. Slysið verður eingöngu rakið til þess að of miklum þunga var hlaðið á borð blokkarpressunnar og á því ber M einn ábyrgð.

Niðurstaða.

Slys M telst ekki bótaskyld.

Reykjavík 4. febrúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lækni

Ágreiningur um réttarstöðu í tilefni af laseraðgerð þann 09.10. 1998 og 06.09. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 08.01. 2003, ásamt greinargerð dags. 05.01. 2003 og fylgiskjölum merktum 1 – 7, þ.á m. ljósmyndir, bréfaskipti lögmanns M og vátryggingafélagsins og álitargerð læknisins, dags. 29.04. 2002.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.01. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 1139/2002.

Málsatvik. Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Álitaeftni máls þessa eru meint mistök lækni við framkvæmd aðgerðar (lasermeðferðar) og skorts á upplýsingagjöf til sjúklings (M).

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að umræddur læknir sé reyndur sérfræðingur á sínu sviði lýtalækninga. Ekkert hafi komið fram um að mistök hafi orðið við aðgerðir eða lækni meðferð. M hafi fengið upplýsingar fyrir aðgerð miðað við bestu vitneskju í lækni fræði á þeim tíma sem laser-meðferðinni var beitt. Aukin þekking á þessu sviði eða vitneskja um aukaverkanir sem kann að hafa komið fram síðar hafi ekki áhrif á mat á bótaskyldu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Læknirinn gerir grein fyrir afstöðu sinni í álitargerð. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta. Hann vísar til upplýsingagjafar sinnar og einnig að komið hafi í ljós síðar að aukaverkanir í formi litabreytinga í húð séu algengari en áður var talið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi. Hún telur að mistök hafi verið gerð við aðgerðina og að hún hafi verið óforsvaranleg enda hafi komið fram verulegar litabreytingar á húð hennar eftir aðgerðina. Hún telur ljóst að læknirinn hafi tekið verulega áhættu er hann framkvæmdi aðgerðina. Hún hafi alls ekki verið vörud við þeim afleiðingum sem raun varð á. M kveður að læknirinn hafi sagt að aðgerðin væri hættulaus. Hún vísar til þess að læknum hafi ekki tekist að sanna að hann hafi upplýst um þá hættu sem fólst í aðgerðinni en það hafi verið nauðsynlegt eins og á stóð.

Álit. Talsvert ber í milli M og umrædds lækni um þá upplýsingagjöf sem M fékk fyrir þá lækni meðferð sem hér um ræðir. M þurfti ekki að undirrita yfirlýsingu um að henni hafi verið veittar upplýsingar um þá áhættu sem fyrir hendi var. Mikilvægt er við aðstæður sem þessar að upplýsingar séu veittar skriflega og að sjúklingur staðfesti að honum hafi verið veittar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsingagjöf virðist hafa verið áfátt í máli þessu. Þrátt fyrir framanritað er ekki að unnt að staðhæfa að mistök hafi verið gerð við aðgerðina eða eftir meðferð hennar og ekki er unnt að leggja aukna sönnunarbyrði á lækinn. Eins og málið liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna að óforsvaranlegt hafi verið að framkvæma aðgerðina og síðari tíma þekking á mögulegum aukaverkunum, sem virðist tilkomin, hefur ekki í för með sér bótaskyldu. Með hliðsjón af framanrituðu hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu, miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða. Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. febrúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna umfeðarslyss á Aðaltjörn á Selfossi þann 17.6.1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.1.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Rannsóknargögn lögreglunnar á Selfossi (skjöl nr. 1-8).
4. Dómur Héraðsdóms Suðurlands uppkveðinn 29.1.1999.
5. Bréf lögmanns M, dags. 2.6. og 22.11.2002 og 6.1.2003.
6. Bréf X, dags. 20.11. og 27.12.2002 og 22.1.2003.

Málsatvik.

Að kvöldi 16.6.1998 fór M á bifreiðinni A, sem hann hafði fengið að láni hjá föður sínum, heim til kunningja síns, B, á Selfossi. Þaðan fóru þeir í annað hús á Selfossi og hittu þar aðra tvo kunningja sína, þ. á m. C. Þar hófu þeir M og B að neyta áfengis. Var svo ekið á A um götur Selfoss og var þá C undir stýri, en hann hafði ekki neytt áfengis. Um kl. 23.00 að talið er óku þeir félagar til Stokkseyrar ásamt fleira fólki. Á tímabilinu kl. 2.00 til 3.00 um nóttina var ekið aftur til Selfoss og eftir að hafa ekið þar um götur í um tvær klukkustundir eða um kl. 5.00 lagði C bifreiðinni á bifreiðastæði við Háengi. Lét hann M fá lykla að bifreiðinni að hans beiðni. M kveðst ekkert muna eftir ferðum sínum eftir að þeir fóru frá Stokkseyri. Þá man B lítið eftir ferðum sínum eftir að þeir komu aftur á Selfoss frá Stokkseyri. Þeir kváðust báðir hafa neytt áfengis um kvöldið og nóttina. M kvaðst hafa drukkið tvær kippur af bjór. B kvaðst hafa drukkið um eina og hálfu kippu af bjór og hafi hann fundið vel til áfengisáhrifa. Alkóhólmagn í blóði B mældist 0,98 prómill.

Um kl. 4.45 að morgni 17.6.1998 var A ekið framan á vörubifreið sem stóð utan vegar við Aðaltjörn á Selfossi. Var þá B ökumaður og M farþegi. M hlaut áverka í andliti og einkum vinstra auga. Í máli þessu krefst M þess að fá viðurkenndan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

M og B höfðu verið saman um kvöldið fyrir slysið og fram undir morgun. Þeir neyttu saman nokkurs magns af bjór. Þeir voru báðir undir áhrifum áfengis. Þrátt fyrir það átti M ekki að dyljast ástand B að þessu leyti. Þótt atvik séu ekki að fullu leyti upplýst áður en þeir M og B lögðu af stað einir í bifreiðinni verður ekki hjá því komist að virða það M til stórkostlegs gáleysis að hafa tekið sér far með B í umrætt sinn, en telja verður að slysið verði rakið til ölvunarástands B. Með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að bætur til M verði af þessum sökum lækkaðar um 2/3 hluta, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 25.10.2001 í málinu nr. 129/2001. Samkvæmt þessu skal líkamstjón M bætast að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 11. febrúar 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2003

M
og
V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss á hafnarsvæði 14.12.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 08.01.2003.
2. Greinargerð með málskoti dags. 06.01.2003 ásamt fylgigögnum 1-13.
3. Bréf V dags. 27.01.2003
4. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 1086/2002.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum þá varð slysið með þeim hætti að málskotsaðili var að ná í tvöfaldan 5,2 m álstiga, sem hengdur hafði verið upp í loft í geymsluhúsnæði. Annar endi álstigans lá ofan á stálbita en hinn endinn var hengdur á tvær spýtur í um 3 m hæð. Til að ná í umræddan stiga hafði málskotsaðili reist upp einfaldan heimasmiðaðan álstiga, sem var án þar til gerðra festinga á endum til að koma í veg fyrir skrið stigans. Í skýrslu hjá lögreglu nokkru eftir slysið segir málskotsaðili, sem er hafnarvörður, að starfsmaður Hafnarsjóðs hafi ætlað að aðstoða hann við að ná í stigan, en aðstoðarmaðurinn hafi tafist í síma. Málskotsaðili segist hafa ætlað að undirbúa niðurtöku hins tvöfalda stiga og verið kominn upp í stigan, sem hann hafi reist upp. Málskotsaðili segist hafa heyrt að aðstoðarmaðurinn hafi verið að koma og því hafi hann ákveðið að ná í stigan. Málskotsaðili segist ekki muna hvað gerðist og segist ranka við sér þegar aðstoðarmaðurinn kom. Aðstoðarmaðurinn lýsir aðkomu að slysinu á þann veg að málskotsaðili hafi legið ofan á einfalda stiganum en undir tvöfalda stiganum, sem verið var að ná í. Vinnueftirlitið segir aðalorsök slyssins þá að ekki hafi verið gengið tryggilega frá stiganum þannig að hann gæti ekki runnið til.

Álit.

Meðal gagna málsins er starfslýsing hafnarvarða. Kemur þar m.a. fram að markmið séu að öryggistæki og ástand mannvirkja og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum. Meðal helstu verkefna er þess getið að á starfsviði sé umhirða, lagfæringar og viðhald á búnaði hafnarinnar og að því er varðar kröfur til reynslu hafnarvarða og þekkingar er tekið fram að hafnarverðir geti unnið sjálfstætt og haft frumkvæði í starfi. Í gögnum málsins kemur hvergi fram að yfirmönnum hafi verið kunnugt um vanbúnað stigans, en af starfslýsingu verður ekki annað ráðið, en það hafi verið á verksviði málskotsaðila að bæta úr, en málskotsaðila var kunnugt um vanbúnað stigans. Málskotsaðili hafði mann sér til aðstoðar, en beið þess ekki að aðstoðarmaðurinn lyki símtali og hóf niðurtöku stigans einn síns liðs. Málskotsaðila mátti vera ljóst að slíkt var hættulegt í ljósi vanbúnaðar stigans. Málskotsaðili gerði engar ráðstafanir til að hindra skrið stigans og ekki liggur fyrir í hvaða horni, miðað við lárétta línu, stiginn var reistur upp. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið að vinnuveitandi geti borið ábyrgð á slysinu.

Niðurstaða.

Slys M telst ekki bótaskyld.

Reykjavík 11. febrúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2003

M

og

Vátryggingafélagsins X v/innbústryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna innbrots í september 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.01. 2003
2. Skýrslur lögreglu og viðbótarupplýsingar.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.02. 2003, þar sem hjálagt fylgdi afrit ljósmynda af vettvangi, bréf félagsins til tjónanefndar, dags. 18.11. 2002, og afrit vátryggingarskilmála.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1057/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Er vátryggingartaki og eiginkona hans komu heim frá útlöndum í september sl. sáu þau að farið hafði verið inn í íbúð þeirra einhvern tíma á þeim þremur vikum sem þau voru erlendis og ýmsu stolið.

Félagið tekur m.a. fram að hún hafi ekki verið í svalarhurð og að það hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki voru ummerki um innbrot og að svalarhurð hafi með vissu verið ólæst yfir nótt en íbúðin var mannlaus. Félagið vísar til þess að skilyrði bótaskyldu sé að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Engin merki hafi sést um innbrot þegar skoðunarmenn fóru á vettvang. Fram kemur einnig í skilmálum að allur umbúnaður á vátryggingarstað skuli vera í fyllsta samræmi við fyrirmæli gildandi laga og reglugerða svo og varúðarreglna sem skilmálum fylgja. Það að ekki var hún á svalarhurð geti ekki talist nægileg varúðarráðstöfun af hálfu vátryggðu til að fyrirbyggja innbrot í íbúðina skv. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Vegna þessa telur félagið tjónið ekki bótaskyld.

Málskotsaðilar telja bótaábyrgð vera fyrir hendi. Af gögnum málsins megi ráða að brotist hafi verið inn í íbúðina. Stigi hafi verið á svölum íbúðarinnar sem augljóslega hafi verið notaður við verknaðinn. Tiltölulega auðvelt hafi verið að opna svalarhurðina með réttum verkfærum án þess að á sæi. Aðalatriðið telja þau vera orð sín um þennan verknað auk þeirra sem litu eftir íbúðinni sem hafi þekkt vel til aðstæðna. Mál þetta snúist um það hvort þau séu tryggð gegn innbroti og þjófnaði með þeirri vátryggingu sem hér um ræðir eða ekki.

Álit.

Á svölum íbúðarinnar lá stigi sem virðist hafa verið notaður til þess að komast að svalarhurð íbúðarinnar. Með hliðsjón af framanrituðu, fyrirliggjandi upplýsingum og skilmálum voru greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafði verið inn.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var ekki nægjanleg varúðarráðstöfun af hálfu vátryggðu til að fyrirbyggja innbrot, sbr. 6. tl. 3. gr. innbústryggingar, eða þjófnað úr ólæstri íbúð, sbr. 7. tl. sömu greinar, að hafa engan hún á svalahurðinni. Með því að hafa svalarhurðina þannig óvarða mátti ljóst vera að hætta var á innbroti og eða þjófnaði, því auðvelt var að opna svalarhurðina. Með vísu til framanritaðs og 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, er greiðsluskylda vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda váttryggingafélagsins er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. mars 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ almennrar slysatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu vegna líkamstjóns þann 15.7.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.2.2003 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 24.10.2000.
4. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 8.11.2000.
5. Læknisvottorð, dags. 22.11.2000.
6. Vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálar.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 17.1.2001, 29.1.2001
8. Bréf X, dags. 14.2.2001 og 3.3.2003.

Málsatvik.

M vann við ræstingar á heilsugæslustöð. Að loknum þrifum þann 15.7. 2000 hugðist hún taka ruslapoka í geymsluherbergi og fara með þá í ruslageymslu, sem staðsett er í kjallara. Að jafnaði voru þessir ruslapokar léttir og höfðu fyrst og fremst að geyma pappír, grisjur og því um líkt. Tók hún í einn pokann, en hann reyndist þá vera þyngri en hún hafði gert ráð fyrir. Við átakið hlaut hún tognunaráverka á vinstri handlegg og öxl. Í ljós kom að í pokanum var mold og af þeim sökum var hann þyngri en ella.

M hafði keypt almenna slysatryggingu hjá X og krafðist bóta vegna þeirra áverka sem hún hlaut. Félagið hefur hins vegar hafnað bótaskyldu, þar sem meiðslin hafi ekki hlotist af völdum utanaðkomandi atburðar og því hafi ekki verið fullnægt skilyrðum skilmála að um slys hafi verið að ræða. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu M sem telur að óeðlileg og óvænt þyngd pokans hafi verið óvæntur og utanaðkomandi atburður sem hafi rofið atburðarrásina og því teljist atburðurinn vera slys í skilningi vátryggingarréttar.

Álit.

Í skilmálum slysatryggingarinnar segir að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir. Ennfremur segir að með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. M hugðist taka upp ruslapoka sem reyndist þyngri en hún átti von á. Í tilviki þessu verður að líta svo á að það hafi verið fyrir tog M í pokann sem hún hlaut tognunaráverkann. Ekki er unnt að líta svo á að pokinn eða þyngsl hans hafi verið utanaðkomandi atburður sem hafi valdið meiðslunum. Líkamstjón M telst því ekki hafa hlotist af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálunum sem hér gilda.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 25. mars 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda

Vinnuslys þann 12.04. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.02. 2003, ásamt fylgiskjölum, þ. á m. tjónstilkynningu, skýrsla Vinnueftirlits ríkisins, og samskipti lögmanns M og vátryggingafélagsins.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.03. 2003, ásamt fylgiskjöllum þ.e. tjónstilkynningu, dags. 04.11. 2002, lögregluskýrslur, dags. 14.04. 2002 og 03.05. 2002, tölvupósti félagsins og vátryggingartaka, dags. 11.12. 2002, skýrslu vátryggingartaka, dags. 07.01. 2002, og afrit ljósmynda af vettvangi.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1117/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

M var að störfum sem smiður í nýbyggingu, hann stóð í stiga og var að fjarlægja steypumót af nýsteypum vegg þegar hann féll úr stiganum og lenti á steypustyrktarjárnnum sem stakkt í læri hans. Hann mun hafa verið að teygja sig upp til þess að hreinsa steypu af kanti með hamri.

M telur bótaskyldu vera fyrir hendi. Hann telur að rekja megi slysið til bilunar í stiga m.ö.o. vanbúnaðar á vinnustað. Vísað er til röksemda lögmanns M í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi. Í niðurstöðu Vinnueftirlitsins komi fram að slysið verði ekki rakið til meintra galla stigans heldur til þess að ekki hafi verið gengið frá festingum stigans á öruggan hátt þannig að hann gæti ekki runnið til. Talið er líklegt að stiginn hafi runnið til á regnvotum fleka og M misst jafnvægið. Félagið telur engu breyta þó að þrep hafi e.t.v. vantað í stigann. Með öllu sé ósannað að þrepið hafi gefið sig þegar slysið varð.

Vátryggingafélagið telur ósannað hver hafi verið orsök slyssins og í öllu falli sé ósannað að það megi rekja til sakar vátryggingartaka. Um óhappatilvik hafi verið að ræða. Einnig teljist ósannað að stiginn hafi verið haldinn slíkum ágalla fyrir slysið að það hafi orsakað slysið og leitt til bótaábyrgðar vátryggingartaka.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur m.a. fram að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki var gengið frá festingum stigans á öruggan hátt, þannig að hann gæti ekki runnið til. M hafi staðið í þriðja efsta þrepi stigans og teygt sig upp til þess að ná upp á brún flekans, við það hafi stiginn líklegast runnið til á regnvotum flekanum og M misst jafnvægið og fallið niður.

Nefndin telur að rannsókn þess stiga sem hér um ræðir hafi verið ábótavant. Vinnueftirlitið lætur m.a. getið samtals við M, þann 23.04. 2002, varðandi aðdraganda slyssins þar sem hann hafi látið þess getið að eitt þrep hafi vantað í stigann, en hann “virtist í lagi samt sem áður þar sem hann hafði notað hann margsinnis þá um morguninn...”

Ósannað er að slysið megi rekja til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar á vinnustað. Ekki er unnt að fallast á að vátryggingartaki beri hlutlæga ábyrgð vegna meints galla eða bilunar í stiganum.

Niðurstaða.

Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. apríl 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2003

M

og

Vátryggingafélaginu X v/ farangurstjóns.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á farangri þann 11.9.2001.

Gögn.

1. Málskot móttækið 6.3.2003 ásamt greinargerð málskotsaðila.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla, dags. 24.10.2001.
4. Skýrsla málskotsaðila til X, ódagsett.
5. Bréf X, dags. 3.12.2001, 25.1.2002 og 18.3.2003.

Málsatvik.

M var á ferðalagi í Prag í Tékklandi. Að morgni 11.9.2001 var hann að yfirgefa hótél sitt í borginni. Glataði hann þá ferðatösku sem hann var með.

Í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Reykjavík þann 24.10.2001 lýsti M hvarfi töskunnar á þann veg að hann hafi sett hana í móttöku hótelsins á meðan hann var að bíða eftir að komast af stað út á flugvöll. Er hann uppgötvaði að taskan var horfin hafi hann haft samband við lögregluna í Tékklandi og síðan í tvígang eftir að hann kom til Íslands, en án árangurs. Kvað M töskuna hafa verið meðalstóra.

Í ódagsettri skýrslu sinni til tryggingafélagsins kemur fram að aðilar, sem hafi komið inn á hótelið og fjarlægt töskur þaðan, hafi ekki beitt ofbeldi beint, en það sé ekki gott að segja hvað gerst hefði, ef reynt hefði verið að endurheimta hana frá þeim. Töskunni hafi verið stolið í umsjá hans, en hann hafi ekki verið með hendur á henni beint.

Í málskoti lýsir M hvarfi töskunnar svo að hópur ungra manna hafi komið inn á hótelið og tekið töskur og poka, sem fólk var með. Þeir hafi ekki verið sjáanlega vopnaðir, en með ógnandi tilburði við ferðamenn sem voru að yfirgefa hótelið á sama tíma og hann. Umdeilanlegt sé hvort hann hafi séð nákvæmlega hvernig taska hans var tekin, þar sem sá aðili, sem það gerði, steig fyrir hann og gekk í farangurinn, en innan við einn metri hafi verið á milli þeirra. Ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir gripdeildina án ofbeldis og það hafi að mati M verið slæm hugmynd. Kveður M að farangurinn hafi ekki verið skilinn eftir og hann hafi verið í hans umsjá

M hafði keypt tvær vátryggingar hjá X sem tóku til tjónsins. Annars vegar farangurstryggingu í fjölskyldutryggingu, sem gildi vegna ferðalaga erlendis, og hins vegar víðtæka eignatryggingu. Í 8. tl. 4. gr. í skilmálum farangurstryggingarinnar er ákvæði er segir að vátryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum híbýlum..., svo og hlutum sem skildir eru eftir, gleymast eða misleggjast á almannafæri, t.d. afgreiðslum flutningsaðila, baðströndum, tjaldstæðum, almennum snyrtiherbergjum o.s.frv. Í 5. tl. 7. gr. sömu skilmála segir að vátryggður skuli gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir tjón. Samkvæmt f) lið 3. gr. hinnar víðtæku eignatryggingar bætir vátryggingin ekki tjón á munum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, bílum, bátum eða eru skildir eftir á almannafæri.

Tryggingafélagið hefur hafnað bótaskyldu, þar sem það geti ekki talist næg aðgát að skilja töskur eftir í móttöku hótels í framandi landi.

Álit.

Lýsingar M á hvarfi töskunnar, sem minnst er á í skýrslu hans til félagsins og síðan er lýst með nákvæmari hætti í málskoti, er í engu getið í skýrslu hans hjá lögreglu sem gefin var um einum og hálfum mánuði eftir hvarf töskunnar. Ekki er unnt, eins og hér stendur á, að leggja síðari lýsingu M á töskuhvarfinu til grundvallar við úrlausn málsins. Verður að miða við þá lýsingu sem M gefur á hvarfinu í fyrrgreindri lögregluskýrslu frá 24.10.2001. Samkvæmt þeirri frásögn hafði hann sett töskuna í móttöku hótelsins meðan hann beið þess að komast út á flugvöll. Hann mun svo hafa uppgötvað að taskan var horfin. Í lögregluskýrslunni er engin skýring gefin á því hvernig taskan hvarf. Fjöldmargir eiga leið um móttöku og anddyri hótélbygginga. Auk hótélgesta og starfsfólks geta ýmsir utanaðkomandi aðilar átt þar leið um, jafnvel án þess að þeir tengist hótelinu eða gestum þess. Verður að líta svo á að anddyri hótels og móttökurými þess teljist vera á almannafæri í skilningi skilmála þeirra sem hér koma til álita. Hefur M því látið töskuna frá sér á almannafæri, þar sem hún svo hvarf án þess að nokkur haldbær skýring hafi komið fram hvernig það atvikaðist. Með vísan til fyrrgreindra undanþáguákvæða bætist tjón M ekki úr váttryggingum þeim sem hann hefur hjá X.

Niðurstaða.

Farangurstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 8. apríl 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots í geymslu í kjallara fjölbýlishúss.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.5.2003 ásamt greinargerð málskotsaðila.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt lista yfir stolna muni og verðmæti þeirra.
4. Bréf X, dags. 2.2., 19.2. og 20.5.2003.
5. Skilmálar.

Málsatvik.

Þann 15.1.2003 var lögreglan kvödd að heimili M í fjölbýlishúsi Reykjavík. Hafði þá komið í ljós að nokkrum dögum fyrr hafði verið brotist inn í geymslu í kjallara hússins, sem tilheyrði íbúð hans. Úr geymslunni hafði verið tekinn pappakassi sem hafði að geyma ýmsa tölvuíhluti.

M hefur krafist bóta fyrir þá muni, sem stolið var, úr innbúsið fjölskyldutryggingar sem hann hefur hjá X. Félagið hefur hafnað bótum.

Álit.

Í 2. gr. skilmála félagsins, sem gilda um innbústryggingu, segir að vátryggingin taki til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu vátryggðs. Ennfremur segir að með almennu innbúi sé átt við lausafjarmuni, sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Einnig eru taldir upp nokkrir aðrir munir sem teljast til almenns innbús. Þá eru taldir upp þeir búsmunir sem teljast til sérgreinds innbús. Í a)-lið þeirrar upptalningar eru: málverk, listaverk, myndavélar, sýningarvélar, myndbandsupptökuvélar, sjónaukar, hljóðfæri, hljómtæki, útvarps- og sjónvarpstæki, segulbandstæki og heimilistölvur ásamt fylgihlutum til þessara tækja.

Á sérstakri yfirlitsmynd í skilmálanum um vátryggingarsvið innbústryggingarinnar kemur fram í D – dálki um innbrotsþjófnað að vátryggingin taki til almenns innbús, persónulegra lausafjarmuna, þegar stolið er úr geymslum utan íbúðar.

Ætla verður að hinir stolnu munir hafi verið fylgihlutir með heimilistölvu. Fer því ekki á milli mála samkvæmt framangreindu að þeir teljast til sérgreinds innbús. Slíkir munir bætast ekki við þjófnað úr geymslu utan íbúðar eins og reyndin var í máli þessu. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr innbústryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr innbústryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 11. júní 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaábyrgð er tjónþoli féll af vinnupalli við nýbyggingu þann 4.10.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.5.2003 ásamt greinargerð og fylgigögnum nr. 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 13.6..2003, ásamt fylgigögnum nr. 1-3.

Málsatvik.

M, sem er húsasmiður að mennt, hafði um 5 ára skeið starfað við smíðar hjá Byggingafélaginu B. Þann 4.10.2001 vann M við að slá undir svalir að Svegi í Kópavogi ásamt vinnufélaga sínum, H. Voru þeir að byggja mót fyrir svalir og þurftu að koma fyrir stoðum sem náðu frá jörðu og undir svalamótin. Svo M og H gætu unnið verkið þurftu þeir að byggja undir sig vinnupall. Af gögnum málsins má ráða að það hafi verið gert með þeim hætti að þeir hafi fest spýtu í vegg við eitt hornið undir svölunum og fest annan endann á sliskju á þessa spýtu en hinn enda sliskjunnar hafi þeir sett á þrep u.þ.b. fyrir miðju á sjálfstandandi trétröppu. Á þennan hátt myndaði sliskjan göngubrú í um eins metra hæð. Undirlag tröppunnar var óslétt. M var við vinnu sína uppi á göngubrúnni, er hann féll niður af henni og meiddist á hægra hné.

Í skýrslu hjá lögreglu skýrði M svo frá að hann hafi beðið V, verkstjóra, að slétta undirlagið undir svölunum vegna þess að það hafi verið óslétt og erfitt að athafna sig. V hafi ekki viljað gera það vegna tveggja brunna í jarðveginum sem þá hafi þurft að moka yfir. Hafi hann og H því byggt undir sig brúna eins og áður er lýst. Kvaðst M hafa verið uppi á göngubrúnni og verið að vinna við svalirnar, er slysið varð. Hafi hann teygst sig til að nálgast hluti, en vegna hins óslétta undirlags hafi brúin farið að velta. Hafi hann þá misst jafnvægið og fallið niður af brúnni. Við fallið, sem reyndar hafi ekki verið hátt, hafi hann fest hægri fót í brúnni og dottið svo niður á bakið og slitið liðbönd í hægra hné. M kvað engar fallvarnir hafa verið til staðar.

H kvað undirlag undir svölunum hafa verið mjög óslétt og hafi þeir M verið búnir að biðja V um að slétta undirlagið með því að fá gröfu á staðinn. Kvaðst H ekki muna hver viðbrögð V hafi verið, en undirlagið hafi ekki verið lagfært og hafi þeir þurft að nota litlar tröppur til að byggja undir sig og vegna hins óslétta undirlags hafi aðstæður verið hættulegar. Þá kvað H engar fallvarnir hafa verið. Þegar slysið varð, hafi hann þurft að hlaupa eitthvað frá og því hafi hann ekki séð M falla af pallinum.

V kvaðst hafa verið verkstjóri við umrætt verk. Hann kvað lofthæð í svalirnar frá jörðu hafa verið um þrjár og hálfur metri og undirlagið hafa verið óslétt. Hann kvað M hafa verið búnir að óska eftir að undirlagið undir svölunum yrði jafnað. Þarna hafi verið brunnur, sem þá hefði þurft að moka yfir. Hann hafi því beðið M um að byggja frekar láréttan pall til að standa á við vinnuna undir svölunum. Jafnvel þótt undirlagið hefði verið jafnað, hefði engu að síður þurft að reisa pallinn.

Álit.

M og vinnufélagi hans höfðu farið þess á leit við V, verkstjóra sinn, að undirlag yrði jafnað undir svölum þeim, sem þeir voru að vinna við, svo vinnuáðstæður yrðu betri. V hafnaði því

og bað þá í staðinn að byggja vinnupall eða göngubrú undir sig. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en V hafi ekki fylgst frekar með því hvernig M og H stóðu að byggingu pallsins og hvort fyllsta öryggis hafi verið gætt við verktilhögun þeirra. Verður slysið rakið til þessarar vanrækslu V. Ber B því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. M er húsasmiður að mennt og hafði um nokkurra ára skeið unnið við húsasmíðar hjá B. Hann útbjó sjálfur pallinn ásamt vinnufélaga sínum og átti að gera sér ljósa grein fyrir hversu ótraustur hann var vegna undirlagsins og að hættulegt var að vinna á honum. Hann verður því sjálfur að bera nokkurn hluta af tjóni sínu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að M beri sjálfur tjónið að helmingi, en B bæti það að helmingi.

Niðurstaða.

B bæti tjón M að helmingi.

Reykjavík, 25. júní 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2003

M

og

Vátryggingafélagið V v/áb.tr. Í

Slys þegar maður datt við klifur á klifurvegg þ. 19.1.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.6.2003. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 460/03
3. Bréf V dags. 30.6.2003 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

M sem er starfsmaður verslunarinnar A féll úr klifurvegg og varð fyrir líkamstjóni. M var umsjónarmaður klifurveggsins og var að undirbúa opnun hans fyrir gesti og var M að klifra upp og var í klifurbelti. Þegar M var kominn í um 6 metra hæð greip hann í festingu sem var laus og missti M takið og féll niður á gólfíð. M var ekki búinn að festa tvist í neinn hring á leiðinni upp þannig að það var ekkert sem varnaði honum falli. Verslunarstjóri A sagði að M hefði ekki farið eftir settum reglum í umrætt sinn en þær væru til skriflegar. M segist aldrei festa sig við hring fyrir en hann sé kominn í um það bil þá hæð sem hann var í þegar slysið varð en ástæða þess hafi verið festing hafi snúist og hann misst takið vegna þess. M segist hafa unnið við klifurvegginn í um það bil 5 mánuði áður en slysið varð og sér hafi aldrei verið sýndar skriflegar vinnureglur og ekki hafi verið farið yfir öryggisatriði aðeins hafi verið farið yfir hvernig ætti að binda línuna við beltið og hvernig tvisturinn virkar og hvernig hann á að snúa. Skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins þá var framkvæmdastjóri verslunarinnar ekki viss um að til væru skriflegar öryggisreglur en verslunarstjórinn taldi þær vera til en ekki var hægt að framvísa þeim. Skv. skýrslunni var klifurbúnaður í góðu ástandi en ástæður slyssins telur vinnueftirlitið vera að steinn sem átti að vera örugg handfesta reyndist vera laus og því hafi M misst takið á honum og fallið, ekki hafi verið notaður viðeigandi öryggisútbúnaður, þá hafi skriflegar öryggisreglur ekki verið tiltækar og óljóst hvernig öryggisreglur væru kynntar starfsmönnum og enginn hafi gengið eftir því að öryggisreglum væri framfylgt. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og bendir á að M hafi farið að í umrætt sinn svo sem hann hefði alltaf gert þegar hann klifraði upp vegginn í byrjun dags. Skriflegar öryggisreglur hafi aldrei verið kynntar M og ástæða þess að M hafi fallið hafi verið að festingar voru lausar í veggnum. V hafnar bótaskyldu þar sem að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna vátryggingataka, ófullnægjandi leiðbeiningum og/eða varúðarráðstöfunum eða saknæms vanbúnaðar klifurveggsins. M hafi starfað hjá Í í 5 mánuði áður en slysið varð og hafi honum borið að festa sig með öryggislínu með 1.meters millibili til þess að koma í veg fyrir hrap. V telur að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M sem hafi í umrætt sinn og margoft áður að eigin sögn gegn betri vitund stofnað sér í mikla hættu án sýnilegrar ástæðu. Í bréfi V kemur fram að M hafi verið áminntur fyrir glæfraskap og gefur M skýringu á því.

Álit.

M var ljóst að því fylgdi hættu að klifra upp vegginn með þeim hætti sem hann gerði og viðurkennt er af honum að hann hafði fengið áminningu vegna glæfralegs klifurs upp klifurvegginn. Skriflegar leiðbeiningar til starfsmanna um varúðarráðstafanir liggja ekki fyrir þannig að ekkert verður fullyrt um hvaða leiðbeiningar M fékk og hafði fengið á starfstíma

sínum hjá Í. Hvað sem því líður þá vissi M þegar hann klifraði upp vegginn slysdaginn að það var hættu því samfara að gera ekki frekari varúðarráðstafanir en hann gerði í umrætt sinn. Meginorsök þess að slysið varð er samt sem áður að steinn á klifurvegnum sem átti að vera handfesta í var laus og snérist hann og við það missti M takið og féll. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi fengið viðhlítandi leiðbeiningar við klifur á veggnum og ekki liggur fyrir hvaða öryggisreglur hafi gilt fyrir starfsmenn í þessu tilviki svo og það að handfesta er laus þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt að hálfu leyti en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 22.7. 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar fjölskylduátryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hásinarslits við badmintoniðkun þann 10.3.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.7.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning (útskrift úr tjónsannál).
4. Læknisvottorð, dags. 10.4.2003.
5. Bréf badmintonhóps K, dags. 11.7.2003.
6. Vátryggingarskilmálar fjölskylduátryggingar.
7. Tvö bréf X, annað ódagsett og hitt dags. 23.7.2003.

Málsatvik.

Þann 10.3.2003 var S, eiginkona M, við badmintoniðkun í íþróttahúsi. Hún mun hafa hlaupið aftur á bak og slegið boltann fram. Þegar boltinn kom svo aftur til hennar mun hún hafa hlaupið fram og telur S að hún hafi þá hugsanlega hrasað. Henni sortnaði fyrir augum og það næsta sem hún vissi var að hún lá á bakinu á gólfinu með vinstri fót upp í loft, en hásin í fætinum hafði slitnað. Í málskoti kemur fram að talið sé að S hafi runnið til í svitapollu sem hafi myndast á gólfinu, en slíkt sé þó erfitt að sanna, þar sem S féll við slysið og var mjög sveitt.

S hefur krafist bóta úr frítímaslysátryggingu fjölskylduátryggingar, almennri slysátryggingu og slysátryggingu launþega hjá X. Félagið hefur hafnað bótum m.a. með vísan til þess að ekki væri um að ræða slys í skilningi skilmála.

Álit.

Samkvæmt 2. gr. í IV. kafla um frítímaslysátryggingu í fyrirliggjandi skilmálum fjölskylduátryggingar greiðir vátryggingin bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir við almennar íþróttaiðkanir, enda leiði slysið m.a. til tímabundins missis starfsorku. Þá segir í sömu grein að með orðinu slys sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en S hafi meiðst við almenna íþróttaiðkun. Á hinn bóginn er ekki í ljós leitt að meiðslunum hafi valdið utanaðkomandi atburður eins og skilyrt er svo um slys sé að ræða í skilningi fyrrgreindra skilmála. Verður því ekki litið svo á að um slys sé að ræða sem teljist bótaskyldt úr frítímaslysátryggingu fjölskylduátryggingarinnar. Þótt skilmálar annarra vátrygginga, sem hér geta komið til álita samkvæmt því sem fram kemur í málskoti, liggi ekki fyrir þá gefur reifun málsins fyrir úrskurðarnefnd og atvik að öðru leyti heldur ekki tilefni til að ætla að slysið sé bótaskyldt úr þessum vátryggingum.

Niðurstaða.

Slys S er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 15. ágúst 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2003
M
og
V h.f. v. bifreiðarinnar A

Umferðarslys þegar ekið var á mann á Vesturlandsvegi þ. 5.4.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.8. 2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 633/03
3. Lögregluskýrsla dags. 5.4. og 7.4.2003. ásamt vettvangsupprætti og ljósmyndum
4. Gögn vegna töku blóðsýnis og niðurstaða alkahólrannsóknar dags. 5.4. og 7.7.2003.
5. Áverkavottorð dags. 12.6.2003.
6. Bréf V h.f., dags. 18.6. og 13.8.2003.
7. Bréf lögfræðipjónustu dags. 23.6. og 15.7. 2003.
8. Bréf V h.f., dags. 21.7.2003.

Málsatvik.

M var að fara úr dráttarbifreið sem dró tengivagn við G í S hreppi. Ökumaður dráttarbifreiðarinnar hafði stöðvað bifreiðina skammt sunnan við afleggjarann að G. M gekk síðan aftur fyrir tengivagninn og út á veginn en á sama tíma var A ekið suður Vesturlandsveg og lenti bifreiðin á Herði með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Í lögregluskýrslu segir að M hafi verið að sjá talsvert ölvaður og því var ákveðið að taka úr honum blóðsýni. Ökumaður A segist hafa séð að dráttarbifreiðin var kyrrstæð í vegakantinum og dregið úr ökuhraða og síðan séð að farþegi úr dráttarbifreiðinni hafi gengið aftur fyrir dráttarvagninn og segist ökumaður A þá hafa gefið hljóðmerki til að vara manninn við að fara út á veginn en þess í stað hafi maðurinn tekið á rás og hlaupið út á veginn. Ökumaður A segist hafa reynt að hemla en ekki hafi tekist að koma í veg fyrir að A lenti á M. Ökumaður A segist hafa ekið á um 60-70 km. hraða þegar A skall á M. M segist hafa verið að koma heim eftir að hafa verið að flytja bát norður í land, hafi hann farið úr dráttarbifreiðinni og gengið aftur fyrir tengivagninn og hlaupið síðan út á veginn og lent fyrir A og hafi hann ekki gert sér grein fyrir hvað A var komin nálægt honum þegar hann hljóp út á veginn og er haft eftir M í lögregluskýrslu að slysið sé alfarið M að kenna. Ökumaður dráttarbílsins segir að M hafi verið kominn yfir miðlínu vegar þegar A lenti á honum en síðan hafi ökumaður A hemlað og naumlega komist hjá að lenda aftan á tengivagninum. Ökumaðurinn segir að gott útsýni hafi verið yfir veginn á þessum stað og hefði ökumaður A átt að sjá M fyrir aftan tengivagninn og A átt að hægja verulega á ferð. Ökumaðurinn segir að M hafi verið undir sjáanlegum áfengisáhrifum. Blóðsýni var tekið úr M vegna gruns um áfengisneyslu og var endanleg niðurstaða mælingarinnar að M væri með 2.39 prómill af alkahóli í blóði. Lögmaður M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V og mótmælir því að bætur séu skertar því ekki hafi verið um stórkostlegt gáleysi M að ræða í umrætt sinn. Þá bendir lögmaðurinn á að A hafi verið sveigt fram úr dráttarbifreiðinni þrátt fyrir að ökumaður A hefði gert sér grein fyrir að gangandi vegfarandi væri við dráttarbifreiðina. Þá bendir lögmaðurinn á að þó að gangandi vegfarendur séu ölvaðir þá nægi það ekki eitt sér til að þeir missi bótarétt. V heldur því fram að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og orsakar slyssins megi rekja til þessa stórkostlega gáleysis og því heimilt að lækka bætur sbr. 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem M sé meðvaldur að því.

Álit.

Ökumaður A gætti ekki eðlilegrar varúðar miðað við framburð hans sjálfs þegar hann sá gangandi vegfaranda fyrir aftan flutningabílinn. Þá er A ekið of hratt miðað við aðstæður skv. framburði ökumanns A en hann segir að A hafi verið á 60-70 km. hraða þegar A lenti á M. M var verulega ölvaður þegar slysið átti sér stað skv. niðurstöðu úr alkahólrannsókn og líkur eru á því að ölvunin hafi brenglað dómgreind M þegar hann ákvað að ganga yfir veginn og gerði sér ekki grein fyrir að A var skammt undan. Telja verður að með því að fara út á veginn miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Eðlilegt er því að lækka bætur til M skv. heimild í 2. mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og telst hæfilegt í því sambandi að M beri 1/3 tjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V h.f. en ber 1/3 tjóns síns sjálfur sbr. 2. mgr. 88.gr. 1. nr. 50/1987.

Reykjavík 26.8. 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2003

M

og

Vátryggingafélagið V v/frj.áb.tr. og áb.tr. farsala B

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

Tjón á bifreið þegar henni var ekið inn í bát þ. 29.5.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.8. 2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 538/03.
3. Lögregluskýrsla dags. 29.5.
4. Bréfa skipti X v/málsins ódags og dags. þ.9.7. og 18.8.2003.
5. Bréf V til ýmissa aðila dags. 7.7.,18.8. og 28.8.2003.
6. Yfirlýsing flutningsaðila ódags.
7. Yfirlýsing stýrimanns
8. Frábrigðaskýrsla skráð af stýrimanni 29.5.2003.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu ók yfirstýrimaður B bifreiðinni A inn á bíldekkið í flóabáti og ætlaði að leggja A bakborðsmegin en steig á bensingjöf í stað bremsuhemils með þeim afleiðingum að A lenti á annarri bifreið sem kastaðist á þriðju bifreiðina og þá fór A utan í enn aðra bifreið. Eigandi A segist hafa ekið A inn fyrir skut B og þá hafi stýrimaður boðist til að leggja A og hafi hann þegið það og látið hann vita í þriggja að bensingjöf væri vinstra megin. Ókumaður A umræddur stýrimaður segist ekki muna hvort að eigandi bifreiðarinnar hafi bent sér á að bensingjöfin væri vinstra megin en segir það ekki útilokað en hann hafi stigið á bensinið í stað bremsunnar í umrætt sinn með þeim afleiðingum sem að framan getur. Í öðrum gögnum sem fyrir liggja í málinu segir stýrimaður að eigandi bifreiðarinnar hafi ekki gert grein fyrir breytingum á bifreiðinni á skýran hátt og í þriðja skjalinu sem fyrir liggur um þetta segir að eigandi bifreiðarinnar segist hafa sagt stýrimanni þetta en hann tók ekki eftir því og leit á bílinn sem venjulegan. X hafnar bótaskyldu með vísan til 1.gr. umfl. nr. 50/1987 þar sem tjónið verður um borð í skipi og eftir að hún sé komin um borð í skip í vörslur skipverja sé hún farmur og því eigi 88.gr. umfl. ekki lengur við. V hafnar bótaábyrgð úr frjálsri ábyrgðartryggingu B með vísan til gr.8.1 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin nái ekki til skaðabótakröfu sem falli á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis. Þá hafnar V bótaábyrgð vegna farsala þar sem félagið telur ekki sannað að starfsmenn vátryggingataka hafi sýnt af sér óaðgæslu sem leitt hafi til tjónsins og hafi eiganda borið að gera starfsmanninum sem ók bifreiðinni grein fyrir því að um sérútbúna bifreið væri að ræða. V telur að tjónið verði rakið til notkunar ökutækisins og því skuli ábyrgð fara skv. umferðarlögum.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort að tjón megi rekja til notkunar A skv. umferðarlögum og er vísað til 1.gr. og 88.gr. í því sambandi. Ljóst er af gögnum málsins að tjón hlýst af notkun A í umrætt sinn og gildir það þrátt fyrir að verið sé að aka bifreiðinni inn í og í bílageymslu skipsins. Tjón af völdum A bætist því úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Starfsmaður skipafyrirtækisins segist ekki hafa tekið eftir því að eigandi bifreiðarinnar hafi bent honum á að A væri sérútbúin. Starfsmaðurinn neitar því ekki að eigandinn hafi gert honum grein fyrir því að bifreiðin væri sérútbúin og hvað sem því líður þá ber starfsmaðurinn alla ábyrgð á akstri bifreiðar eftir að hann tekur að sér stjórn hennar. Starfsmaðurinn þykir

hafa sýnt af sér gáleysi við akstur bifreiðarinnar og því tjónið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu farmflytjanda sbr.68.gr. siglingalaga nr. 34/1985. Bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu skipafélagsins kemur ekki til greina vegna undanþágu ákvæðis í gr. 8.1 í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar.

Niðurstaða.

Tjón af völdum A bætist úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá X og tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu farsala .

Reykjavík 16.9.2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys í kúfiskverksmiðju þann 23.5.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.8.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla.
4. Tilkynning um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 3.7.2002.
5. Tilkynning um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 3.7.2002.
6. Tilkynning um slysið til X, dags. 4.12.2002.
7. Bréf Vinnueftirlitsins, dags. 3.4.2003.
8. Rafpóstur X til H, dags. 26.1.2003.
9. Rafpóstur H til X dags. 29.4.2003.
10. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 10.7.2003.
11. Bréf X dags. 23.5., 5.8. og 27.8.2003.
12. Fimm læknavottorð.
13. Umboð.

Málsatvik.

Þann 23.5.2002 var M við störf í kúfiskverksmiðju H. Vann hún við að þrifa færiband og vals í austursal vinnslusalarins. Færibaldið er 1 m á breidd og við annan enda þess, norðurenda, liggur rafknúinn vals sem er 3 mm að þvermáli og er hann jafnlangur breidd færibandsins eða 1m. Um 2-3 mm bil var milli færibandsins og valsins. Í vinnslu snúast færibaldið og valsinn í gagnstæðar áttir í þeim tilgangi að taka óæskilegan úrgang, svokölluð strá, frá aðalafurðinni. Við skoðun lögreglu á tækjabúnaðinum kom í ljós að enginn stjórnrofi eða neyðarrofi var staðsettur við hann. Stjórnrofar voru staðsettir syðst í vinnslusalnum í um 7 m fjarlægð. Þar voru einnig stjórnrofar fyrir önnur færibönd, en engir rofar voru nyrst í salnum. Enginn hlífðarbúnaður var yfir valsinum. Ekki voru til ákveðnar reglur um þrif á valsinum, þegar slysið varð, en ákveðnar reglur voru fyrir hendi um almenn þrif í verksmiðjunni.

M kvaðst hafa verið að spúla burt óhreinindi (strá) sem hafi verið föst á milli færibandsins og valsins. Henni hafi ekki tekist að spúla þau burt. Hafi hún þá ætlað að taka þau burt með vinstri hendi, en þá hafi of stór gúmmívettingur, sem hún hafði á hendinni, fest á milli færibandsins og valsins. Hafi höndin dregist inn á milli, þar sem hún festist. Hlaut M alvarlegan klemmuáverka á hendinni, sár á handarbaki og brot á miðhandarbeini. M hafði unni við þrif hjá H um eins árs skeið, þegar slysið varð.

M hefur krafist fullra bóta fyrir líkamstjón sitt, en tryggingafélag H hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum.

Álit.

Upplýst er að enginn hlífðarbúnaður var yfir valsinum og enda færibandsins. Stjórnrofar voru fjarri færibandinu og engir neyðarrofar voru í námunda við það. Þá var engum sérstökum leiðbeiningum eða verklagsreglum til að dreifa um þrif á færibandinu og valsinum. Verður slysið fyrst og fremst rakið til þessa vanbúnaðar og skorts á skýrum fyrirmælum um þrif. Ber því H sem vinnuveitandi M meginábyrgð á líkamstjóni hennar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi haft talsverða reynslu af að þrifa og þá um leið að umgangast færibaldið og valsinn. Átti hún að gera sér ljósa grein fyrir þeirri miklu slyshættu sem fólst í

Því að fara með höndina of nærri valsinum meðan hann var í gangi. Þar að auki varð að gæta sérstakrar varúðar, þar sem of stór hanski sem hún var með á hendinni gerði það enn líklegra en ella að höndin gæti fest í valsinum. Verður slysið að nokkru rakið til þess að M gætti ekki sem skyldi þeirrar varúðar sem af henni mátti krefjast. Á hún því einnig nokkra sök á því hversu hrapallega fór. Eftir atvikum þykir rétt að H beri ábyrgð á líkamstjóni M að 3/4 hlutum, en hún beri sjálf tjón sitt að 1/4 hluta.

Niðurstaða.

H bæti líkamstjón M að 3/4 hlutum.

Reykjavík, 16 september 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaslyðu úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna meintra galla við húsbyggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.8.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Kaupsamningur, dags. 30.9.1999.
4. Skýrsla málskotsaðila um eftirstöðvar byggingarframkvæmda, dags. 10.8.2001.
5. Skýrsla fulltrúa X, dags. 11.10.2002.
6. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 23.7. og 28.11.2002 og 16.4.2003
7. Bréf X, dags. 24.8. og 31.10.2001 og 12.2., 7.5. og 3.9.2003.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dags. 30.9.1999, keypti M af E raðhúsaíbúð. Byggingarstig íbúðarinnar við afhendingu var “tilbúið undir tréverk og málningu að innan, frágengið að utan” og er nánari lýsing í kaupsamningnum á frágangi lóðar og húss sem skyldi lokið í húsinu að innanverðu í febrúar/mars 2000 en að utanverðu ásamt lóð eigi síðar en 1.8.2000.

Í skýrslu M, dags. 10.8.2001, eru talin upp í sjö tölulíðum ýmis atriði sem M kveður að E eigi þá enn ólokið. Í lok skýrslunnar segir að efnisval og frágangur á gólfhitakerfi muni ekki vera í samræmi við teikningu. Ef kerfið skili ekki sínu hlutverki á fullnægjandi hátt komi til kasta tryggingafélagsins um úrbætur.

Í bréfi X, dags. 24.8.2001, til B, byggingarstjóra raðhúsanna, kemur fram að eigendur þeirra hafi tilkynnt tjón vegna mistaka byggingaraðila sem greinist í þrennt: Í fyrsta lagi að loftræsting í þaki sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við teikningar, í öðru lagi vanti snjógildrur á þak og í þriðja lagi að gólfhitakerfi virki ekki og efnisval og frágangur þess sé ekki í samræmi við teikningar. Óskaði X skriflegrar greinargerðar B um ávirðingar þessar. Slík greinargerð mun ekki hafa borist.

Með bréfi lögmanns M, dags. 28.11.2002, voru gerðar kröfur á hendur X sem einkum lúta að eftirfarandi: Í **fyrsta** lagi hafi komið í ljós raki í parketi í eystri hluta stofu. Við athugun reyndist þrýstifall vera í slaufu í hitalögn í eystri hluta stofunnar. Var gólfefni rífið þar upp og gólfið brotið upp. Leki fannst ekki í hitalögninni, en að betur athuguðu máli fannst leki í bílskúrgólfi sem mun hafa leitt til rakaskemmda á parketinu. Hins vegar voru merkingar á slaufum rangar. Kostnaður við að lagfæra stofugólfið að nýju var áætlaður kr. 300.000. Í **öðru** lagi hafði við uppbrot á stofugólfinu komið í ljós að hitalögnin væri á kolröngum stað með tilliti til hæðar í steypunni, þ.e. í stað þess að vera ofan við járnagrind í gólfinu í um 8 cm hæð frá efra yfirborði steypunnar liggi hún ofan á plasteinangrun í gólfinu, þ.e. neðst í steypunni. Um sé að ræða alvarlegt gáleysi af hálfu B, sem m.a. komi fram í því að hitastýring verði erfið og hitakerfið sé lengi að taka við sér. Kerfið sé í raun ekki sjálfvirkt og þurfi að handstýra því eftir veðri. Þetta hafi veruleg óþægindi í för með sér og leiða megi rök að því að þetta hækki hitakostnað. Í **þriðja** lagi reyndist leki sem olli fyrrgreindum rakaskemmdum á parketinu eiga rætur sínar að rekja til leka undir karmi dyra úr stofu út á sólpall. Ekki hafi verið gengið réttilega frá þéttingu af hálfu húsasmíðameistara hússins, en það sé reyndar einnig B. Loks í **fjórdða** lagi sé um að ræða tjón vegna viðgerðar á fyrrgreindum leka í bílskúrgólfinu. Í ljós hafi komið að þegar borað var fyrir mótafestingum

í grunnplötuna eftir að hún hafði verið steipt var borað í hitalögnina innan við vegginn, þ.e. allt of langt og algerlega að nauðsynjalausu. Bílskúrgólfið hafði verið þússað með litarefni í þússningunni sem þýddi að mjög leiðinleg áferð hefði komið í gólfið og ógerlegt að ganga þannig frá því að brotið sæist ekki. Hafi M því ákveðið að flísaleggja gólfið til að losna við lýti sem múrbrotið skildi eftir. Til stuðnings kröfum sínum vísar M til 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og gr. 1.1. í skilmálum X fyrir starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Þá geti gildissvið ábyrgðartryggingar, sem B hafði keypt hjá X, ekki verið þrengra en ábyrgð B sem byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og byggingarreglugerð.

Af hálfu X hefur bótaskyldu verið hafnað. Telur félagið að uppbrot á stofugólfi vegna leitar að orsökum raka í parketinu, meint ófullnægjandi þétting undir þröskuldi í dyrum út á sólpallinn og skemmd á gólfhitalögn falli ekki undir ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 51.-52. gr. skipulags- og byggingarlaga og 32. og 37.-46. gr. byggingarreglugerðar. Ekki hafi heldur verið nægjanlega sýnt fram á að saknæm mistök hafi átt sér stað af hálfu B við niðursetningu gólfhitalagnar í stofunni eða að lega hennar og gerð sé ekki í samræmi við gildandi reglur. Þá sé samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar aðeins bætt almennt fjártjón, en tjón á mönnum eða munum sé undanskilið.

Álit.

Skv. 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er byggingarstjóri byggingarframkvæmda. Hann ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fari um umboð hans, verksvið og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Skv. 1. mgr. 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1978 skal byggingarstjóri hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Samkvæmt þessum ákvæðum verður byggingarstjóri því gerður ábyrgur fyrir fjárhagstjóni sem leiðir af gáleysi í starfi hans og rakið verður til þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög eða reglugerðir.

Engin gögn hafa verið lögð fram í máli þessu, hvorki skoðunar- eða matsgerðir eða önnur sambærileg gögn, sem sýna fram á að þeir ágallar, sem M kveður vera á húseign sinni, verði raktir til þess að B hafi af gáleysi vanrækt starfskyldur sínar þannig að eignin hafi ekki verið byggð í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög eða reglugerðir. Meðan svo er ástatt getur M ekki krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Eins og kröfum M á hendur X er háttað og í ljósi þeirrar niðurstöðu að ekki sé sýnt fram á bótaskyldu X verður í máli þessu ekki úr því skorið að hve miklu leyti kröfurnar teljist til almenns fjártjóns eins og áskilið er í vátryggingarskilmálum X eða hvort slíkur áskilnaður brjóti í bága við ófrávíkjanlegar réttarreglur sem um vátrygginguna gilda.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra sem B hefur tekið hjá X.

Reykjavík, 16. september 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ lausafjártryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á hitamyndavél.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.8.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur, tjónstilkynningar og ljósmyndir.
4. Athugasemdir málskotsaðila, dags. 14.7.2003.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 7.4., 6.5., 18.6.,
6. Bréf X, dags. 9.5., 22.7., og 11.9.2003.
7. Skilmálar.

Málsatvik.

Þann 17.3.2003 tilkynnti M til lögreglu hvarf á hitamyndavél ásamt nokkrum fylgihlutum úr húsnæði fyrirtækisins. Myndavélin var að jafnaði geymd í sérstakri tösku ásamt fylgihlutum í lokuðum en ólæstum skáp í lagerrými inn af afgreiðslu fyrirtækisins. Síðast hafði vélin verið tekin úr töskunni á tímabilinu 5. til 10.2.2003. Síðan hafi hún verið geymd í skápnum og ekki annað vitað en hún væri þar uns hvarf hennar uppgötvaðist þann 17.3.2003. Fyrirsvarsaður M vildi ekki útiloka að einhvern tíma á tímabilinu kunní hún að hafa staðið á bak við afgreiðsluborð í fyrirtækinu.

Við vettvangsrannsókn lögreglu sama dag og hvarfið var tilkynnt fundust engin verksummerki um innbrot og ekki var að sjá neitt sem benti til að gramsað hafi verið í húsnæði að öðru leyti en því að myndavélin hafði horfið. Tveimur dögum síðar var lögregla kvödd að nýju á vettvang og henni bent á glugga á 2. hæð hússins í um 2,50 m hæð frá jörðu, sem bar þess merki að hafa verið spenntur upp. Lögregla staðreyndi að svo gæti hafa verið, en engin verksummerki sáust um að farið hafði verið upp í gluggann. Við athugun lögreglu á vettvangi kom í ljós að mögulegt var að klifra yfir dyr sem skildi að húsnæði M og húsnæði annars fyrirtækis í sama húsi.

M krafðist bóta fyrir myndavélina úr víðtækri lausafjártryggingu sem fyrirtækið hafði hjá X. Félagið hafnaði hins vegar bótum, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að hvarf vélarinnar verði rakið til innbrotshjófnaðar, en það sé skilyrði þess að tjón vegna þjófnaðar sé bætt úr vátryggingunni. Þá telur félagið að vörslur vélarinnar hafi verið með þeim hætti að jafnað verði til stórkostlegs gáleysis svo M hafi af þeim sökum einnig fyrirgert bótarétti.

Álit.

Í grein 1051.10 í skilmálum lausafjártryggingar, sem M hafði keypt hjá X, segir svo um vátryggingarsvið tryggingarinnar: “Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er gert undanþægt í skilmálum þessum.” Í grein 1052 í skilmálunum eru talin upp þau tilvik sem vátryggingin tekur ekki til. Samkvæmt grein 1052.17 tekur vátryggingin ekki til tjóns af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotshjófnaður. Ljóst er að hér er um víðtæka vátryggingu að tefla sem bætir sérhvert tjón sem fellur undir skilyrði greinar 1051.10 nema sýnt sé fram á að tjónið verði rakið til einhverra þeirra undanþágutilvika sem tilgeind eru í grein 1052. Af hálfu X er því ekki mótmælt að umrædd hitamyndavél hafi horfið úr húsnæði M. Engin skýring liggur beinlínis fyrir um það hvernig vélin hvarf.

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram sem leiðir líkur að því eða gerir sennilegt að hvarf myndavélarinnar verði rakið til atvika sem ekki teljast skyndileg, ófyrirsjáanleg eða utanaðkomandi eins og áskilið er skv. gr. 1051. Við svo búið verður við það að miða í máli þessu að hvarfið verði rakið til atviks sem fullnægir skilyrðum gr. 1051 um bótaskyldu.

Eins og sönnunarstöðu er háttáð samkvæmt skilmálum þá hefur X hins vegar sönnunarbyrðina um það að tjónið verði rakið til þjófnaðar sem ekki telst innbrotsþjófnaður. Ummerki innbrots eru vissulega ekki mjög skýr samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins. Hins vegar verður ekki loku fyrir það skotið að myndavélinni hafi verið stolið við innbrot í húsnæði M. Sönnun liggur því ekki fyrir um það að hún hafi horfið af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotsþjófnaður. Getur X því ekki borið fyrir ákvæði greinar 1052.17 til að hafna bótakröfu X.

Ekkert bendir til þess í gögnum málsins að gluggi sá, þar sem viss merki sáust um innbrot, hafi verið skilinn eftir opinn, þegar húsnæði M var mannlaut um lengri eða skemmri tíma. Þótt mögulegt hafi verið að klifra yfir dyr úr húsnæði annars fyrirtækis og inn í húsnæði M, þá þykir ekki nægilega fram komið að frágangur á dyrabúnaðinum leiði til þess að það verði virt M til stórkostlegs gáleysis hvernig geymslu myndavélarinnar var háttáð. Jafnvel þótt geymslan hafi mátt vera öruggari en hún var, þá verður það ekki virt M til stórkostlegs gáleysis hvernig geymslu myndavélarinnar var háttáð í húsnæðinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu X að atvik hafi að öðru leyti verið með þeim hætti að M hafi fyrirgert bótarétti sínum.

Að öllu framangreindu virtu ber X að bæta tjón M vegna hvarfs myndavélarinnar.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr lausafjártryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. september 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2003

M
og

Vátryggingafélag X v/ábyrgðartryggingar fyrirtækis sem vinnur við vegmerkingar (V).

Ágreiningur um réttarstöðu vegna líkamstjóns sem rekja má til spreymassa sem notaður var við vegmerkingu þann 17.08. 2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.09. 2003 ásamt skjölum merktum 1 – 8 þ. á m. skýrslu lögreglu, læknisvottorð, örorkumat, bréf V, dags. 20.08. 2003, og bréfs X, dags. 08.08. 2003.
2. Bréf X til nefndarinnar, dags. 20.09. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 694/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

V vann við málningarvinnu þ.e. götumerkingu inni í íbúðarbotnlanga á Akureyri þann 17.08. 2001. M, 11 ára, var nálægt heimili sínu. Starfsmenn V höfðu nýlokið við verk sitt þegar M mun hafa lagt lófa á heita málninguna (spreymassa) á götunni þannig að meiðsl hlutust af sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann hafi ekki sýnt gáleysi, engar viðvaranir hafi verið á vettvangi. M telur að ef það sé rétt sem V haldi fram, að málningin sé um hálfu mínútu að kólna, hefði verið hægt að afstýra hættu með lágmarkseftirliti og lítilli fyrirhöfn.

Vátryggingafélagið X hafnar bótaábyrgð. Atvik máls þessa hafi átt sér stað úti á miðri götu eða gatnamótum. Bifreiðin sem notuð er við vegmerkinguna hafi verið á ferð. Vegna þessa hafi verið örðugt um vik að koma fyrir sérstökum merkingum á eða við sjálfa akbrautina þar sem vinnusvæðið sé í raun á hreyfingu. Aðvörunarmerki munu vera á bifreiðinni til að vara vegfarendur, akandi sem gangandi, við því að aka eða ganga ofan í merkingarefnið strax eftir að það hefur verið lagt. Félagið telur umrætt slys ekki vávæna afleiðingu þess hvernig merkingu og gæslu var háttað. M hafi lagt hönd á merkingarefnið gagngert í því skyni að kanna hitastig þess.

V upplýsir um verklag sitt í bréfi, dags. 20.07. 2003. M.a. kemur fram að þegar spreymassanum er sprautað út í línur er hann um 180 gráðu heitur en verður kaldur og að hörðu efni á 20-30 sekúndum. Bifreiðin sem notuð er er ekið á u.þ.b. 6-8 km hraða í vinnu “þannig að hann fer ekki langt á umræddum þurrktíma”. Að auki rýkur úr spreynu fyrstu 3-5 sekúndur á götunni og þessu verki fylgir og allnokkur hávaði. V telur að M hafi sýnt mikinn óvitaskap með því að hlaupa út á miðja götuna við gatnamót til að athuga hvort línur væri heit. V telur að M hafi í “glannaskap hlaupið ískeygilega nálægt bílnum en þess háttar uppátækjum er erfitt að verjast”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Verklagi V var ekki áfátt þegar tekið er mið af því að umræddur spreymassi kólnar á mjög skömmum tíma, hann verður að hörðu efni á 20-30 sekúndum. Bifreiðin sem notuð er er áberandi og henni er ekið á u.þ.b. 6-

8 km hraða í vinnu þannig að hún fer ekki langt á umræddum þurrktíma. Einnig mun rjúka úr spreynu fyrstu 3-5 sekúndur á götunni og þessu verki fylgir og allnokkur hávaði. Breytir ekki framanrituðu þó að unnið hafi verið við málningarvinnu í íbúðarhverfi.

Það var óvarlegt af M að “kanna málninguna” nánast strax eftir að henni hafði verið komið fyrir með því að leggja lófa sinn á hana. M, 11 ára, hefði átt að vita betur.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 7. október 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka úr niðurfalli frá þakrennu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.9.2003 ásamt greinargerð lögmanns málskotsaðila.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 17.7.2003.
4. Bréf X, dags. 22.7.2003.
5. Vátryggingarskilmálar fyrir húseigendatryggingu.

Málsatvik.

Þann 18. júní 2003 flæddi mikið vatn í íbúðarhúsnæði málskotsaðila M í Reykjavík. Umræddan dag rigndi mjög mikið. Var regnvatn af þaki hússins leitt frá þakrennum með lögnum inn í þakrými fyrir ofan einangrun á efstu loftplötu og tengt þar við pottlögn sem er frárennsli hússins. Í vatnsveðrinu munu lagnir hafa yfirfyllst af regnvatni sem olli því að þær biluðu. Eki er um það deilt að vatnið flæddi frá lögn sem brast innan veggja hússins.

M hefur krafist bóta fyrir tjón sem varð á húseigninni með vísan til 1. mgr. 1. tl. 2. gr. I. kafla í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda. Samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin tjón á hinni vátryggðu eign af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins. Einnig vísar M til ákvæða 2. tl. 3. gr. sömu skilmála, en samkvæmt því bætir vátryggingin ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst þó með þeirri undantekningu, ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

Vátryggingafélagið X, vátryggjandi eignarinnar, hefur hafnað bótaskyldu með vísan til 1. tl. 3. gr. skilmálanna. Þar segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

Álit.

Í umrætt sinn brast vatnslögn innan veggja húss M og streymdi vatn úr lögninni skyndilega og óvænt. Telst tjónið bótaskyldt skv. 1. tl. 2. gr. I. kafla skilmálanna nema það falli undir undanþáguákvæði 1. tl. 3. gr. Samkvæmt því ákvæði undanþiggur X sig bótaskyldu, ef tjón er vegna utanaðkomandi vatns og meðal þess sem telst til utanaðkomandi vatns í skilningi þessa ákvæðis er vatn frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

Í málskoti og öðrum gögnum sem frá M stafa er ekki upplýst með skýrum hætti hvaðan vatn það kom sem tjóninu olli eða hvers konar leiðsla það var sem gaf sig. Lýsingu málavaxta af hans hálfu er áfátt að þessu leyti. Hvað sem því líður verður að telja samkvæmt öðrum gögnum málsins að engum vafa sé undirorpið að vatn það, sem tjóni olli á húseign M, var utanaðkomandi vatn sem átti upptök sín á þaki hússins, fór um þakrennur þess og niður um frárennslisleiðslur þeirra. Þótt frárennslisleiðslan hafi legið innan veggja hússins, þar sem hún gaf sig, verður ekki hjá því komist að líta svo að undanþáguákvæði 1. tl. 3. gr. skilmálanna eigi hér við sem leiðir til þess að tjón á húseigninni telst ekki bótaskyldt úr húseigendatryggingunni.

Eins og atvikum var háttað verður tjónið ekki rakið til þess að vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum. Þegar af þeirri ástæðu getur 2. tl. 3. gr. ekki komið til álita í máli þessu.

Niðurstaða.

Tjón M telst ekki bótaskyld úr húseigendatryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 21. október 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu og undanþáguákvæði vátryggingaskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttækið 16.09. 2003, ásamt fylgiskjölum 1 - 14 þ. á m. bréfaskipti aðila og skýrslur lögreglu.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 615/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. M slasaðist á veitingahúsi á Kanaríeyjum þann 01.03. 1999. Meintur tjónvaldur er H sem hefur neitað því að greiða henni bætur. M hyggst höfða dómsmál til innheimtu bóta á hendur H. Af því tilefni leitaði hún til vátryggingafélags síns og fór fram á réttarástoð í samræmi við skilmála vátryggingarinnar. Félagið neitar bótaábyrgð sbr. fyrirliggjandi gögn. M vísar til þess að þann 01.10. 2001 hafi vátryggingin verið í gildi í tvö ár í samræmi við ákvæði skilmála. Hafi ágreiningur aðila komið upp eftir það tímamark og því ljóst að félaginu sé skylt að greiða málskostnað. Niðurstaða örorkumats lá ekki fyrir fyrr en 14.05. 2002. Hafi krafa um greiðslu skaðabóta verið send H í framhaldi þessa eða þann 11.10 2002. Krafa hafi ekki verið sett fram fyrr þrátt fyrir að lögmaður M hafi sent H bréf þann 26.02. 2001 um að kröfur yrðu hafðar uppi til greiðslu skaðabóta. Kröfu M á hendur H hafi verið svarað með bréfi, dags. 26.10. 2002, á þann veg að bótakröfu var hafnað. Fram kemur að vátryggingafélagið haldi því fram að ágreiningur hafi stofnast milli aðila þann 26.02. 2001 er tilkynning var send gagnaðila. “Þar sem því bréfi hafi ekki verið svarað hafi stofnast til ágreinings nokkrum dögum seinna...”

Vátryggingafélagið hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína vegna málskotsins.

Álit.

Málskostnaðartrygging mun hafa orðið hluti af fjölskyldutryggingu þann 01.10. 1999. Þann 01.10. 2001 hafði málskostnaðartrygging milli félagsins og M því verið í gildi í tvö ár. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skilmála málskotsnaðartryggingar er hægt að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu.....” Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur vátryggður fengið greiddan málskostnað, þrátt fyrir 1. mgr., ef þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar kröfunni, hafa gerst eftir að vátryggingin tók gildi”.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að miða skuli við að ágreiningur aðila, í skilningi 1. mgr. 7. gr., hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir að framkvæmt hafði verið örorkumat og lögmaður M sendi H kröfu um greiðslu skaðabóta þann 11.10. 2002. Á þessum tíma hafði vátryggingin verið í gildi í tvö samliggjandi ár. Nefndin telur þau atvik sem liggja til grundvallar kröfu M hafi gerst eftir að vátryggingin tók gildi. Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskylda vátryggingafélagsins fyrir hendi í máli þessu.

Niðurstaða.

M á rétt á vátryggingavernd samkvæmt fyrirliggjandi málskostnaðartryggingu.

Reykjavík 14. október 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2003

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Meiðsl við fall á timpurpalli við kaffihús þann 01.12. 2002, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.09. 2003 ásamt fylgiskjöllum 1 – 5 þ. á m. skýrsla lögreglu og bréfaskipti aðila.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.10. 2003, ásamt fylgiskjöllum 1 – 9 þ. á m. bréfi lögreglu til vátryggingafélagsins dags. 28.08. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 655/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

Tildrög slyssins voru þau að M var um hádegisbil á sunnudegi stödd við veitingahúsið þegar hún “missti jafnvægið” og rann til á hálli timburverönd með þeim afleiðingum að hún féll og meiddist á öxl. Lögreglan getur þess að yfirborð pallsins hafi verið hélað og mjög hált. Á slyssdegi var meðalhiti 2,1°C, hægur vindur og rigning.

M telur að svell hafi verið yfir pallinum og að veitingahúsið beri ábyrgð á þeim meiðslum sem hún hlaut. Vátryggingartaka hafi borið að gera ráðstafanir til að eyða eða draga úr þeirri hættu sem fyrir hendi var. Hún telur sig hafa mátt treysta því að pallurinn væri “sæmilega umferðarfær enda engar aðvaranir um annað”. Hún mótmælir því að hafa verið ölvuð þegar slysið varð.

Félagið telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna, vanrækslu á hálkuvörnum, merkingum eða öðrum varúðarráðstöfunum eða saknæms vanbúnaðar að öðru leyti sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar og til þess að M hafi verið “áberandi ölvuð svo mjög að óvíst hafi verið að hún fengi afgreiðslu af þeim sökum. Ölvunarástand hennar sé staðfest af lögreglu sem kom á slysstöð...” Félagið telur nægjanlega sýnt fram á að M hafi verið mjög ölvuð og að ölvun hennar hafi vafalítið átt verulegan þátt í því hvernig fór. Slysið verði rakið til óhappatilvikjunar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Lögreglan getur þess í frumskýrslu sinni að viðarpallurinn hafi verið mjög sleipur og að yfirborð hans hafi verið hélað. Fram kemur að þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi M verið að dreypa á áfengi til að lina kvalir sínar. Í viðbótarfrásögn lögreglu, í ágúst sl., er þess getið að M hafi verið áberandi ölvuð og ekki að fullu viðræðuhæf. Fullyrt er að ölvunarástand hennar hafi verið augljóslega mun meira en svo að rekja megi til þess eina drykks sem hún hafi haft þegar lögreglan kom á vettvang. M hafi þurft mikinn stuðning til að fara í lögreglubifreiðina þaðan sem hún var flutt á slyssadeild. Framanrituð umfjöllun lögreglu gefur til kynna að M hafi verið ölvuð. Nefndin telur líklegt að ölvunarástand hennar hafi átt þátt í því hvernig fór.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna að aðrir en M hafi átt í erfiðleikum með að fóta sig á pallinum þennan dag en alkunna er að við þau veðurskilyrði sem fyrir hendi voru er hætta á ferðum ef aðgæsla er ekki viðhöfð.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. október 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2003

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. almennrar slysátryggingar (V)

Maður sleit sin í fæti þegar hann var að reka úr túni þ. 22.6.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.9. 2003 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 737/03
3. Bréf V h.f.dags. 25.8., 15.9. og 5.10.2003.
4. Læknisvottorð dags. 18.8.2002 og 19.10.2000

Málsatvik.

M var að hlaupa á eftir hrossi að degi til þegar hann fann að eitthvað gaf sig í hægri kálfa og reyndist sin í hægri kálfa hafa slitnað. Í bréfi lögmanns M segir að hann hafi lent í sandholu og fallið við það og slitið sin í hægri fæti. M krefst bóta úr almennri slysátryggingu sinni hjá V. Af hálfu lögmanns M er bent á að um sé að ræða utanaðkomandi atburð sem hafi valdið meiðslum á líkama M þar sem M hafi lent í sandholu og fallið. Af hjálfa V er bent á það að það séu nýjar upplýsingar sem fram komi í umboði til lögmanns M og málavaxtalýsingu lögmannsins að M hafi stigið í sandholu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að líkamsmeiðsl M megi rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi skilmála og vátryggingaréttar. V bendir á að ekkert komi fram í tjónstilkynningu og læknisvottorðum sem gefin séu skömmu eftir tjónstilvikið um utanaðkomandi atburð. V telur seinni tíma skýringu M á tjónsatvikinu ótrúverðuga en hún komi fyrst fram eftir að V hafi hafnað bótaskyldu og M hafi leitað aðstoðar lögmanns.

Álit.

Hvergi í gögnum málsins sem liggja fyrir um tjónsatburðinn öðrum en umboði M til lögmanns síns og málavaxtalýsingar lögmannsins kemur fram að M hafi lent í sandholu í umrætt sinn og fallið og við það hafi sin á hægri fæti slitnað. Í tjónstilkynningu sem gefin er tæpum mánuði eftir slysið er ekki minnst á sandholuna. Í læknisvottorði dags. 18.8.2000 er haft eftir M um tjónsatburðinn að það hafi verið eins og einhver hafi sparkað í hann. Í læknisvottorði dags. 19.10.2000. er haft eftir M um tjónsatburðinn “Var að hlaupa á eftir hrossi þegar hann fékk skyndilega verk í hægri kálfa.” Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki á það fallist að tjón M megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atviks eða atburðar og er tjónið því ekki bótaskyldt úr tryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.10. 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu launþega.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.9.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning vinnuveitanda, dags. 2.7.2003, ásamt vottorði hans, dags. 12.6.2003.
4. Skýrsla málskotsaðila um atvikið, dags. 9.9.2003.
5. Tvö læknisvottorð, dags. 12.6. og 21.8.2003.
6. Bréf vinnuveitanda til lögmanns málskotsaðila, dags. 12.6.2003.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 16.6.2003, ásamt umboði, dags. 5.6.2003.
8. Bréf X, dags. 11.7., 14.7., 11.8. og 16.10.2003.

Málsatvik.

Þann 4.1.2003 var M við störf í verslun A. Kvaðst hún þá hafa unnið við að stafla brauðgrindum hverri ofan á aðra. Grindurnar hafi verið fullar af brauðum og hver þeirra vegið um 15-17 kg. Hafi hún verið að stafla grindunum upp fyrir sína eigin hæð. Við það átak að lyfta brauðunum upp fyrir höfuð sér hafi hún skyndilega fengið snöggan verk í vinstri hönd, þar sem hún hafi fundið að eitthvað hafi gefið sig. Kvað M umrætt verk hafa verið sér mjög erfitt, einkum þegar hún þurfti að lyfta grindunum upp fyrir höfuð sér. Hafi hún fengið karlmann, sem var töluvert stærri og sterkari en hún, til að aðstoða sig við efstu grindurnar, þegar hann var viðlátinn.

Í kjölfar meislanna leitaði M til Slysadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss. Í læknisvottorði, dags. 12.6.2003, kemur fram að M hafi verið að lyfta brauðgrind upp fyrir höfuð sér og þá fengið slink á vinstri úlnlið. Við aðgerð þann 15.1.2003 hafi komið í ljós “total ruptura á SL ligamenti úlnliðsins”. Þá kemur fram í vottorðinu að fyrir 9.1.2003, þegar lækniurinn sá M fyrst eftir meiðslin, hafi hún verið í eftirliti hjá honum vegna annarra handameina og vægra slitbreytinga í úlnliðum. Í vottorði sama lækni, dags. 21.8.2003, er tildrögum meiðslanna lýst þannig að hún hafi verið að “lyfta undir þungan kassa með brauðum þegar hún fékk slink á vi. úlnlið með liðinn í extention”. Um almenna sjúkrasögu M segir svo í vottorðinu orðrétt: “Fyrir áverka átt við verki í úlnlið/hendi að stríða sem klínískt líktust CMC I/STT artrosu. Ísótóparannsókn 2002 sýndi upptöku á scaphoid-trapezoideum svæði sem samrýmdist artrosu. Bilateralt einnig með nokkuð víða scaphoideum-lunatum liði sem bendir til slaka í SL ligamentum. Eftir áverkann 4/1 03 breyttist staðsetning verkja og hún var bólgin dorsalt yfir úlnliðnum mótsvarandi SL-liðnum og álgspurf á þann lið (Watson’s test) var jákvætt sem benti til óstöðugleika í þeim lið.”

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem A hafði keypt hjá Vátryggingafélaginu X. Hún kveður slysið hafa orðið af völdum óvenjulegs ytra álags með því að hún varð að lyfta þungum brauðgrindum upp fyrir eigin hæð. Til þess beri að líta að framkvæmd starfs kunnri að fela í sér meira álag fyrir einn starfsmann þótt það geti verið öðrum stærri eða sterkari starfsmanni létt. Þanig hafi framkvæmd umrædds starfs verið erfið fyrir M, sem er mjög lágvaxin, um 155 cm á hæð og fremur veikbyggð.

Til stuðnings því hvað beri að telja til slyss í þessu tilfelli er af hálfu M vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2516/1998, þar sem fjallað sé um skilgreiningu á hugtakinu

slys í skilningi laga um almannatryggingar. Þar hafi umboðsmaður komist að þeirri niðurstöðu að of mikil áhersla hafi verið lögð á að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða í hlutlægri merkingu í stað þess að lagt hafi verið mat á hvort um hafi verið að ræða afleiðingar sem rekja mætti til starfans. Hafi umboðsmaður talið rétt að fella undir hugtakið slys þau tilvik er líkamstjón verður vegna óvenjulegs álags við framkvæmd starfans. Þá kveður M að sömu skilgreiningu á hugtakinu “slys” sé að finna í vátryggingarétti.

X hefur hafnað kröfu M úr bætur úr slysatryggingunni. Það telur ósannað að um slys hafi verið að ræða samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar og hefðbundnum skilningi vátryggingaréttar. Í skilmálum sé hugtakið “slys” skilgreint sem “skyndilegur, utanaðkomandi atburður, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.” Af gögnum málsins verði ekki séð að líkamstjón tjónþola verði rakið til utanaðkomandi atviks í framangreindri merkingu. Heldur sé um venjuleg álagsmeiðsl að ræða sem samkvæmt hefðbundnum skilningi falli ekki undir nefnt slyshugtak. Eigi það jafnt við hvort sem meiðslin verði rakin til “óvenjulegs ytra álags” vegna þess að viðkomandi lyftir eða ýtir þungi byrði eða annarra orsaka.

Álit.

Í skýrslu M kemur fram að við það átak að lyfta brauðgrind upp fyrir höfuð sér hafi hún skyndilega fengið snöggan verk í vinstri hönd, þar sem hún hafi fundið að eitthvað hafi gefið sig. Samkvæmt þessari lýsingu er ekki um það að tefla að M hafi orðið fyrir meiðslum í hendinni af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar. Ekki er á það fallist, eins og slyshugtakið er skilgreint í þeim skilmálum sem hér eru til skoðunar, að sá þungi sem lagðist á hendur M, er hún lyfti brauðgrindinni upp, sé utanaðkomandi atburður. Þá verður ekki talið að álit umboðsmanns Alþingis á slyshugtakinu í lögum um almannatryggingar, sem fram kemur í úrskurði hans í máli nr. 2516/1998, geti haft þýðingu í máli þessu. Niðurstaða umboðsmanns byggði einkum á því að hugtakið “slys” væri ekki skilgreint sérstaklega í almannatryggingalögjöfnum. Með 9. gr. laga nr. 74/2002 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og fleiri lögum var skilgreiningu á slyshugtakinu bætt við 1. mgr. 22. gr. laganna. Er sú skilgreining efnislega samhljóða þeirri skilgreiningu sem er að finna í hinum umdeildu slysatryggingarskilmálum X. Að virtu því sem að framan greinir verður ekki talið að meiðsl M hafi orðið af völdum slyss í skilningi hlutaðeigandi skilmála og verður því ekki bætt úr slysatryggingu launþega hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 31. október 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2003

**M
og**

Vátryggingafélagið X hf. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu af völdum vinnuslyss þann 1.4.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.10.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 2.2.2000.
4. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 13.3.2001.
5. Örorumat, dags. 18.3.2002.
6. Rafpóstur lögmanns M til X, dags. 5.11.2002 og svarpóstur félagsins, dags. 16.12.2002.
7. Bréf X, dags. 22.10.2003, ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
8. Bréf byggingarfulltúans í Reykjavík, dags. 24.2.2004, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fyrirtækinu A við útkeyrslu gosdrykkja í verslanir. Þann 1.4.1999 vann M við að bera kassa með gosdrykkjum til og frá lagerhúsnæði í kjallara verslunar í Reykjavík. Rann hann þá úr næstefstu tröppu járnstiga með goskassa í hendi og niður á kjallaragólfíð. Hlaut hann áverka á sitjanda og baki. Greindist hann með mjóbakstogun og brjós-klos milli IV. og V. mjóhryggjarliðbolar. Varanlegur miski af völdum slyssins var metinn 12% sem og varanleg örorka.

M kveður fyrrgreindan járnstiga vera þröngan og mjög brattan. Úti hafi snjóföln verið á jörðu og því verið mjög hált í stiganum. Orsakir slyssins hafi verið ófullnægjandi og hættulegar vinnuáðstæður í versluninni. Það hafi verið á ábyrgð A, vinnuveitanda M, og verkstjóra hans að tryggja að vinnustaðurinn væri öruggur og stofnaði ekki heilsu starfsmanna í hættu. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en tæpum tveimur árum síðar og engin lögreglurannsókn hafi farið fram af þess hálfu. Þá hafi lögregluskýrsla ekki verið gerð um atvikið. Hafi A því fellt á sig sönnunarbyrðina fyrir því að orsakir slyssins væru aðrar en hinar hættulegu starfsáðstæður.

X, tryggingafélag A, hefur hafnað bótaskyldu. Ber félagið einkum fyrir sig að M hafi mátt vera ljóst að stigin gæti hafa verið háll, verkstjórn hafi ekki verið ábótavant og A geti ekki borið ábyrgð á meintum vanbúnaði stigans. Þá hafnar félagið því að A verði látið bera hallann af því að sönnun skortir um orsök slyssins.

Með bréfi úrskurðarnefndar, dags. 22.10.2003, var þess óskað að lögmaður M aflaði frekari gagna til að upplýsa mætti betur um tildrög slyssins og orsakir þess. Þann 25.2.2004 barst nefndinni bréf byggingarfulltrúans í Reykjavík, dags. 24.2.2004, varðandi stigan. Bréfinu fylgdu ljósmyndir af stiganum og ljósrit af nokkrum ákvæðum úr byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem vísað er til í bréfinu. Í téðu bréfi kemur fram að stigin hafi ekki verið sýndur á upphaflegum aðaluppdráttum af byggingunni og því sé ekki vitað hjá embættinu hvenær hann var gerður. Á uppdráttum, sem samþykktir voru í byggingarnefnd Reykjavíkur 24. febrúar 1994 og 9. desember 1997 vegna breytinga á innréttingum í húsinu, var stigin sýndur á grunnmyndum. Í hvorugt skiptið er stigans sérstaklega getið í umsókn eða við umfjöllun málsins. Engir séruppdrættir eru til af stiganum í skjalasafni byggingarfulltrúa eins og skylt

er, sbr. gr. 8.2.1.13 í byggingarreglugerð nr. 292/1979 með síðari breytingum. Við skoðun á stiganum kom í ljós að hann fullnægði ekki að öllu leyti ákvæðum nefndrar byggingarreglugerðar, m.a. hvað varðaði breidd milli stigakjálka, ganghæð í stiganum, framstig, uppstig, hæð frá “tröppunefi” í handrið og að handrið sé öðru megin en ekki beggja megin. Þá mældist halli stigans 53,3°.

Álit.

M hafði þann starfa hjá A að bera kassa með gosdrykkjum og koma þeim fyrir í gosdrykkjageymslum verslana. Almennt má gera ráð fyrir að það sé verslana og eigenda þeirra að sjá svo um að gönguleiðir og aðstæður, þar sem farið er með aðföng í verslanirnar eða lagerhúsnæði þeirra, séu það vel úr garði gerðar að ekki eigi að vera hættu á slysum. Mátti A ganga út frá því að aðstæður í verslunum og öðrum stöðum, sem gosdrykkjum er dreift til, væru í því horfi að ekki þyrfti að kanna fyrirfram aðstæður að þessu leyti hjá hverjum viðskiptavini. Þá verður heldur ekki séð af fyrirliggjandi gögnum málsins að verkstjóri eða annar sá er stjórnaði burðinum í umrætt sinn af hálfu A hafi mátt sjá að stiginn hafi ekki í einu og öllu fullnægt ákvæðum byggingarreglugerðar eða hann væri hættulegur við kassaburðinn. Eins og mál þetta er vaxið er ekki tilefni til að leggja sönnunarbyrðina um það sem kann að vera óupplýst um orsök slyssins á A þannig að sönnunarbyrði verði snúið við. Að framangreindu virtu verður ekki talið að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

A ber ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir er hann féll í stiga þann 1.4.1999.

Reykjavík, 16. mars 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2003

Dánarbú M og Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna sjúkdómatryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 09.10. 2003, ásamt fylgiskjölum þ. á m. umsókn um sjúkdómatrygginguna, bréf aðila, læknisvottorð.
2. Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.10. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna nr. 856/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

M lést 11.09. 2003 eftir rúmlega árs langa baráttu við sjúkdóm sinn.

Álitaefni máls þessa eru einkum annars vegar þau hvenær váttryggingin var tekin og hins vegar hvort M hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

Félagið vísar til þess að samkvæmt skilmálum hefst ábyrgð félagsins þegar það hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um töku váttryggingarinnar. Váttryggingin hafi tekið gildi 17.07. 2002 sbr. útgefið váttryggingaskírteini og 11. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Félagið vísar til 11. tl. 6. gr. skilmála þar sem fram kemur að ekki séu greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar. M hafi greinst með krabbamein í ágúst 2002 og því hafi greiðslu bóta verið hafnað. Félagið hafnar þeim skilningi aðila að túlka beri töku váttryggingar við hvenær váttryggingartaki lagði fram beiðni sína um váttryggingu. Félagið telur einnig að verulega hafi skort á upplýsingagjöf af hálfu váttryggingataka er hann sótti um váttrygginguna. Það telur að hann hafi leynt upplýsingum um eigið heilsufar. Fram komi í læknisvottorði að M hafi m.a. fyrri heilsufarssögu um gyllinæð, háan blóðþrýsting og heilahimnubólgu þegar hann var tveggja ára og æðahnútaaðgerð á fótum. Öllum spurningum um sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni hafi hann svarað neitandi. Þetta hefði að öllum líkindum leitt til þess að váttryggingu hefði verið hafnað með vísan til skilmála og laga um váttryggingarsamninga sbr. einkum 4. gr. og 23. gr.

M telur að félaginu hafi ekki verið réttmætt að hafna greiðsu bóta með vísan til 11. tl. 6. gr. skilmála sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta í þessari samantekt.

Álit.

Váttryggingin mun hafa tekið gildi í júlí 2002 en sjúkdómur M mun hafa greinst í ágúst sama ár m.ö.o. ekki voru liðnir þrjú mánuðir frá töku váttryggingarinnar þar til sjúkdómurinn greindist. Réttur til greiðslu bóta er því ekki fyrir hendi skv. 11. tl. 6. gr. skilmála sjúkdómatryggingar.

Ekki er unnt að fallast á umfjöllun í málskotinu um að álitamál sé hvernig skýra beri orðið “taka” eins og það kemur fram í skilmálum í þessu sambandi og í annan stað er

ekki unnt að fallast á að váttryggingafélagi sé óheimilt að hafa slíkt ákvæði. Athygli er vakin á því að í undirritaðri beiðni um sjúkdómatryggingu er sérstaklega tekið fram að viðkomandi hafi kynnt sér skilmála og samþykkt þá.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tilefni sé til að láta halla á váttryggingafélagið vegna sölu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Réttur til greiðslu bóta er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. nóvember 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um hvort bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt nefndri vátryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.10. 2003 ásamt bréfi fulltrúa M, dags. 21.10. 2003, og fylgiskjölum 1–10.
2. Bréf vátryggingafélagsins v/málskotsins, dags. 10.11. 2003, ásamt fylgiskjölum 1–15.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 789/2003.
4. Bréf úrskurðarnefndar til fulltrúa M, dags. 18.11. 2003.
5. Svarbréf Neytendasamtakanna til úrskurðarnefndar, dags. 10.12. 2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort sjúkdómatrygging sem tekin var í ágúst 2001 hafi verið í gildi á tjónsdegi, þann 25.01. 2002, er M fékk heilaáfall eða heilastofnsblóðþurrð sem bótaskyld er samkvæmt vátryggingu þessari þ.e. ef önnur skilyrði leiða ekki til brottfalls vátryggingarinnar svo sem uppsögn, vanskil iðgjalda o.s.frv. Ágreiningur er milli aðila um hvort M hafi sagt vátryggingunni upp munnlega í október 2001.

Ljóst er að vátryggingataki (M) var í samskiptum við tiltekna vátryggingamiðlun við töku vátryggingarinnar og á síðara stigi. Ekki liggja fyrir upplýsingar í fyrirliggjandi gögnum um heimildir vátryggingamiðlunarinnar til þess að koma fram fyrir hönd aðila. Vátryggingafélagið staðhæfir að miðlunin hafi ekki haft umboð til þess að senda út bréf fyrir hönd félagsins.

Álit.

Atvik máls þessa eru sérstök. Þá kröfu verður að gera til sérfróðra aðila sem fást við vátryggingastarfsemi og vátryggingamiðlun að þeir veiti viðskiptavinum sínum ekki misvísandi upplýsingar og að staðið sé við það sem ritað er.

Samkvæmt 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 skal vátryggingamiðlari í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingaviðskiptum bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum og gæta hagsmuna þeirra og gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Hafa ber og hugfast að vátryggingastarfsemi skal samkvæmt 12. gr. sömu laga vera rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum. Í því máli sem hér er til umræðu varð misbrestur á þessu.

Eftir töku vátryggingarinnar var vátryggingafjárhæð hennar fljótlega lækkuð samkvæmt beiðni M. Ágreiningur er milli aðila um hvort hann hafi í október 2001 sagt vátryggingunni upp munnlega. Í október 2001 fóru fram samskipti milli M og vátryggingamiðlunarinnar þar sem fram kemur að uppsögn verði ekki tekin til greina nema að hún sé skrifleg.

Iðgjald vátryggingarinnar sem greitt hafði verið var bakfært í gegnum greiðsluþjónustu bankastofnunar vegna þess að M hafi hætt við töku vátryggingarinnar. M ber fyrir sig grandleysi varðandi bakfærslu iðgjaldsins, honum hafi ekki borist tilkynning um slíka færslu. Hann telur að vátryggingafélaginu hafi borið að segja vátryggingarsamningnum upp ef það vildi losna undan ábyrgð vegna vanskila á iðgjöldum skv. ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Engin gögn sé að finna um slíka uppsögn af hálfu félagsins.

Umrædd váttryggingamiðlun hélt því fram við M að váttryggingin verði ekki felld niður nema samkvæmt skriflegri beiðni. Þannig segir í bréfi miðlunarinnar til M, dags. 11.10. 2001, að M hafi sagt upp líf- og sjúkdómatryggingu sinni hjá váttryggingafélaginu og þess óskað að hann myndi fylla út meðfylgjandi uppsagnarbréf og senda til baka sem allra fyrst því fyrr verði váttryggingin ekki ógild. M sendi ekki umbeðna uppsögn til miðlunarinnar.

Váttryggingafélagið kveðst ekki taka “ábyrgð á háttsemi óskyldra fyrirtækja úti í bæ” og að váttryggingamiðlunin hafi ekki haft umboð til að senda út bréf fyrir hönd félagsins. Félagið heldur því efnislega fram að jafnvel þótt viðkomandi bréf hefðu verið send að ósk þess þá viðurkenni félagið ekki ábyrgð gagnvart M. Nefndin getur að óbreyttu og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ekki fallist á þessa afstöðu félagsins.

Váttryggingamiðlun getur skapað sér ábyrgð gagnvart váttryggingataka sem miðlað er til með því að brjóta gegn lögum og reglum sem gilda um miðlun váttrygginga þ.á m. varðandi upplýsingagjöf. Komi upp tilvik þar sem grunur leikur á um að brotið hafi verið gegn slíkum reglum getur váttryggingataki þurft að beina kröfum sínum að váttryggingamiðluninni en í vissum tilvikum verður að telja að hann geti beint kröfum sínum að váttryggingafélagi. Váttryggingafélag er almennt ekki ábyrgt vegna mistaka eða ranginda váttryggingamiðlunar í störfum sínum nema það hafi haft vitneskju um starfshættina og ekkert aðhafst til þess að bæta úr þeim.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að váttryggingamiðlunin hafi farið út fyrir heimildir sínar. Aðilar, þ.e. váttryggingamiðlunin og váttryggingafélagið, héldu áfram samskiptum sínum við M á þann veg að þeir viku ákvæðum váttryggingarsamningalaga nr. 20/1954, til hliðar til hagbóta fyrir M.

Váttryggingafélagið hefur ekki með fullnægjandi hætti sýnt fram á að váttryggingin hafi verið fallin úr gildi þegar tjónsatburður varð.

Nefndin telur að M hafi verið í góðri trú um gildi váttryggingarinnar á tjónsdegi.

Úrskurðarnefndin kveður einungis á um hvort bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir. Með vísan til samþykktu nefndarinnar er engin afstaða tekin til bótafjárhæðar máls þessa, kröfu um vexti eða málskostnað.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi váttryggingu.

Reykjavík 18. desember 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2003

M

og

Vátryggingarfélagið V h.f. v/frjálsar ábyrgðartryggingar S.

Tjón á bryggjukanti og rafmagnskassa á Skagaströnd þegar gámur fauk til þ.11.11.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.10.2003. ásamt fylgiskjölum 1-16.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 760/03
3. Bréf V dags. 13.11.2003.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu tilkynnti starfsmaður M um að tjón hefði orðið á bryggjukanti og rafmagnskassa þegar stór gámur fauk til. Um var að ræða 40feta gám sem var í eigu S og hafði S verið að nota gáminn föstudaginn áður en óhappið gerðist á mánudeginum eftir. Skv. lögregluskýrslu hafði gámurinn greinilega farið í rafmagnskassa og brotið kanttré bryggjunnar en starfsmaður M segir að gámurinn hafi staðið út í gegn um kanttréð og við rafmagnskassann þegar komið var að um morguninn. Ekki voru skemmdir sjáanlegar á gámnum. Starfsmaður M segir að mjög hvasst hafi verið snemma að morgni þess 11.11.2002 og líklegt að gámurinn hafi fokið til og lent á kassanum og trénu. Í bréfi S til V segir að gengið hafi verið frá umræddum gámi með sama hætti og öðrum gámum sem S tæmi og ljúki notkun á. Þá segir í bréfinu að starfsmönnum S hafi ekki verið kunnugt um að von væri á slæmu veðri og því gengið frá gámnum með venjubundnum hætti. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V og telur S bera ábyrgð á því tjóni sem varð. V hafnar bótaskyldu og segir ekki sannað að veðurspár hafi verið með þeim hætti að starfsmenn S hefðu átt að bregðast við með öðrum hætti en þeir gerðu.

Álit.

Samkvæmt veðurspám sem lagðar hafa verið fram dagana 8-10 nóvember 2002 verður ekki séð að þær hafi gefið tilefni til sérstakra aðgerða eða ráðstafana varðandi gám þann sem um ræðir í máli þessu. Því er haldið fram af hálfu S að gámurinn hafi í umrætt sinn verið geymdur með venjubundnum hætti og þeirri staðhæfingu er ekki mótmælt af hálfu M. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir að starfsmenn M hefðu átt að bregðast við með öðrum hætti en þeir gerðu og verður því miðað við framlögð gögn ekki lögð sök á S. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 25.11.2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2003

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slits á ljósleiðarastrengs þann 10.1.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.11.2003 ásamt fylgigögnum nr. 1-9 og greinargerð, dags. 3.11.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla, dags. 14.11.2003.
4. Bréf X, dags. 24.11.2003, ásamt fylgigögnum merktum A-E.

Málsatvik.

Þann 10.1.2003 fór ljósleiðarastrengur í eigu M í sundur við gamla þjóðveginn undir Ingólfsfjalli vestan við svonefnda Þórustaðanámu. Þarna vann verktakinn A að jarðvegsframkvæmdum fyrir tilgreindan aðila.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá A var ljóst í upphafi framkvæmda að ljósleiðarinn færi um jarðvinnusvæðið og því hafi verið haft samband við M til að fá upplýsingar um legu strengsins. Skurður hafi verið grafinn þvert í gegnum veginn og hafi ljósleiðarinn komið þar í ljós á tilskildu dýpi, 70-80 cm. Þess hafi verið gætt að hann yrði ekki fyrir skemmdum. Skammt (6-8m) vestan skurðarins hafi beltagrafa, um 23 tonn að þyngd, verið notuð til að flytja jarðefni af lager sunnan vegarins og norður yfir veginn. Hafi hún farið þarna nokkrum sinnum fram og til baka. Þá hafi það gerst að ljósleiðarinn hafi farið í sundur, þar sem hann lá í jaðri vegstæðisins á um 5-10 cm dýpi ofan á gömlu steinsteypu ræsi. Væntanlega hafi það gerst við það að belti gröfunnar hafi þrýst niður í jarðveginn og sökum þess hve leiðarinn lá grunnt hafi hann skorist í sundur. Þarna hafi ekkert jarðrask átt sér stað fyrr en eftir óhappið, en þá hafi verið grafið frá leiðaranum til að auðvelda vinnu við viðgerð á honum. Áður hafi gröfunni einungis verið ekið um veginn í tengslum við fyrrgreindan jarðvegsflutning.

M hefur krafið ábyrgðartryggjanda A, Vátryggingafélagið X, um bætur vegna þess tjóns sem hann varð fyrir af völdum slitsins. Um það leyti sem framkvæmdir hófust hafi A sett sig í samband við M og í byrjun desember 2002 hafi starfsmaður á vegum M mælt út legu strengsins með sónar og merkt legu hans með málningu úr úðabrusa á hefðbundinn hátt. Eftir það hafi starfsmenn M aldrei verið kallaðir á svæðið. Þegar ætla má að framkvæmdir hafi hafist að nýju eftir hátíðir í janúarbyrjun 2003, hafi merkingar fyrir legu strengsins verið horfnar. Ummerki á vettvangi hafi bent til að grafið hafi verið niður á strenginn með skóflu gröfunnar. Af hálfu M er hafnað kenningum A um að strengurinn hafi sveigst upp á við og legið á aðeins 5-10 cm dýpi yfir steinræsinu. Þá er því ennfremur mótmælt að steinræsið hafi legið þarna undir veginum. Er talið að A hafi vanrækt skyldur sínar skv. 1. mgr. 49. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 og beri að bæta tjón M skv. 3. mgr. sömu gr.

Af hálfu X hefur bótaábyrgð A verið hafnað, þar sem A hafi ekki bakað sér bótaábyrgð hvorki samkvæmt almennum skaðabótareglum né samkvæmt ákvæðum 49. gr. fjarskiptalaga.

Álit.

Aðilar hafa lagt fram ýmis gögn, svo sem ljósmyndir, loftmyndir, uppdrætti o.fl., í því skyni að sýna fram á annað hvort að grafið hafi verið niður á ljósleiðarastrenginn og hann höggvinn í sundur þar sem hann lá á eðlilegu dýpi eða að hann hafi legið rétt undir yfirborðinu og skorist í sundur við venjulegar ferðir beltagröfunnar um svæðið. Þessi gögn eiga það

sammerkt að vera óskýr og af þeim verður ekkert ráðið hvernig strengurinn slitnaði eða hver hafi verið tildrög þess.

Í janúar 2003, er tjónið varð, voru í gildi lög um fjarskipti nr. 107/1999. Þau voru að meginstofni til numin úr gildi með lögum nr. 81/2003 um sama efni sem tóku gildi 25. júlí 2003. Í 3. gr. laga nr. 107/1999, var fjarskiptavirki skilgreint svo: “Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku. Ágreiningslaust virðist með aðilum að ljósleiðarastrengur sá, sem deilt er um í málinu, teljist vera fjarskiptavirki í skilningi ákvæðis þessa. Í 1. mgr. 49. gr. sömu laga sagði að þar sem fjarskiptavirki eru megi ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Þá sagði í 3. mgr. 49. gr., ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafi leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra, skyldi sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Var tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiddi, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýndi fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd. Efnislega samhljóða ákvæði og hér hafa verið rakin er nú að finna í 3. og 71. gr. laga nr. 81/2003.

Á því svæði sem tjónið varð stóð A fyrir ýmis konar jarðvinnuframkvæmdum. Samkvæmt gögnum málsins má sjá að þær hafi m.a. falist í skurðgreftri fæina metra frá tjónsstaðnum og jarðvegsflutningi alveg við tjónsstaðinn. Þótt ekki liggi fyrir að tjónið verði beinlínis rakið til jarðrasks verður að líta svo á að það hafi orðið í svo nánnum tengslum við þær jarðvinnuframkvæmdir sem A stóð fyrir á svæðinu að hin stranga ábyrgðarregla síðari málsliðar 3. mgr. 49. gr. þágildandi fjarskiptalaga verður talin taka til tjónsins. Þótt A hafi í upphafi framkvæmdanna haft samráð við M og aflað upplýsinga um legu strengsins eins og áskilið var samkvæmt 1. mgr. 49. gr. hefur ekki verið sýnt fram á hvernig tjónið varð eða hvernig strengurinn lá í jarðveginum. Að öllu virtu hefur ekki tekist að sýna fram á samkvæmt gögnum málsins að tjónið hefði orðið jafnvel þótt fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd af hálfu A. Af þessu leiðir að A ber ábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir af völdum slits á ljósleiðarastrengnum.

Niðurstaða.

A ber bótaábyrgð á tjóni M.

Reykjavík, 12. desember 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2003

**M
óg
Vátryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A
og
vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar bóndans S**

Tjón af völdum lausagöngu hrossa 23. mars 2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. nóvember 2003.
2. Lögregluskýrsla dags. 24. mars 2003 ásamt myndum.
3. Tjónstilkynning.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 18. júní 2003 og 11. desember 2003.
5. Niðurstaða tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 544/03.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt var um tjón af völdum hrossa á bifreiðinni A. A var lagt fyrir utan sumarhús. Eigandi bifreiðarinnar vaknaði að morgni við það að bóndi var að reka hross inn í girðingu skammt frá. Bóndinn tjáði eigandanum að hrossin hefðu sloppið út úr girðingu um nóttina. Eigandinn varð var við að bifreiðin var öll rispuð eftir hrossin auk þess sem hliðarspegill og rúðupurrka að aftan voru brotin. Eigandi hrossanna skýrir frá því í tjónstilkynningu að þau hafi sloppið út úr girðinu þar sem hlið hafi verið opið og að ekki sé vitað af hverju það hafi verið opið. Í gögnum kemur fram að eigandi hafði skipt um rafgeymi strax á eftir og að hann vissi ekki hvort eitthvað hefði verið á geyminum þar sem hann hefði ekki verið mældur þegar um hann var skipt.

Álit.

Ekki er sýnt fram á annað en að vegur sá sem liggur að girðingunni sem hrossin sluppu úr sé einkavegur. Fyrir liggur að eigandi hrossanna eða einhver á hans vegum fóru reglulega til að sinna hrossunum og opnuðu hliðið. Hvorki liggur fyrir að þeir hafi lokað því síðast þegar þeir fóru um það né að rafmagn hafi verið á girðingunni er hrossin sluppu út. Annar umsjónarmanna hrossanna treystir sér ekki til að fullyrða að rafmagn hafi verið á girðingunni og gögn málsins sýna að skipt var um rafgeymi strax eftir atvikið, án þess að gengið væri úr skugga um hvort rafmagn væri enn á geyminum. Að virtum gögnum málsins þykir eðlilegt að eigandi hrossanna beri ábyrgð á því að hrossin sluppu úr girðingunni.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr frjálsri ábyrgðartryggingu S.

Reykjavík, 18. desember 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.